

FERÐIR ÓDYSSEIFS



FERÐIR ÓDYSSEIFS



Endursögn Sigrúnar Elíasdóttur

FERÐIR ÓDYSSEIFS

ISBN-978-9979-0-2178-0

© 2015 Sigrún Elíasdóttir

© 2015 Teikningar: Kristín Ragna Gunnarsdóttir

Ritstjórn: Sigríður Wöhler

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2015

Menntamálastofnun

Kópavogi

Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

Meginmál: Palatino 11 / 15 pt.

Prentun: Oddi ehf. – Umhverfissvottuð prentsmiðja

Efnisyfirlit

1. Er maðurinn óður?	4
2. Trójuhesturinn	9
3. Í þokunni	11
4. Pólýfemus	14
5. Guð vindanna	19
6. Aftur á byrjunarreit	23
7. Til Undirheima	28
8. Spádómurinn	33
9. Fréttir frá Íþöku	37
10. Óvættir	41
11. Loforðið	45
12. Og þá var eftir einn	49
13. Aftur á sjó	54
14. Hjá Fajökunum	58
15. Heimkoman	62
16. Ráðabrugg	66
17. Endalokin	69

1. Er maðurinn óður?

Ódysseifur var konungur á lítilli grískri eyju í Miðjarðarhafi sem hét Ípaka. Hann var dökkhærður, með stórt nef og vöðva-stæltur og leit út eins og sönn grísk hetja. Þar stýrði hann litla konungsríkinu sínu í friði og var nýbúinn að eignast son með konu sinni, Penelópu, þegar tveir bræður heimsóttu hann. Annar var Menelás Spörtukonungur, maður Helenu fögru. Sparta var stór borg í Grikklandi og mikið herveldi. Hinn maðurinn var Agamemnon konungur borgarinnar Mýkenú,



æðstur allra konunga Grikkja. Þeir voru að safna herliði og vildu fá Ódysseif með sér. Það vissi Ódysseifur en hann vildi ekki fara með þeim.

Þegar bræðurnir fundu konung Íþöku var hann í fjörunni að plægja sandinn, eins og hann væri að sá korni í fjöruna. Ekki nóg með að staðurinn væri ólíklegur til kornframleiðslu, heldur beitti konungurinn einum uxa og einum hesti fyrir plóginn. Þetta þótti gestunum ansi undarlegt enda gekk verkið ekki vel. Ódysseifur var berfættur og klæddur í kvenmannsföt. Hann hrópaði öðru hverju orð á stangli upp í vindinn. Ekki leist konungunum tveimur á þennan stríðskappa en gengu samt til hans og heilsuðu.



– Koppurinn minn er tómur! heyrðist Ódysseifur hrópa út í loftið án þess að vera að tala við neinn.

– Sæll vertu, Ódysseifur konungur, hefur þú ekki vinnumenn að sá fyrir þig korninu?

Konungur leit hissa á þá eins og hann þekkti þessa menn ekki neitt.

– Korn? Ég sá ekki korni, ég á nóg af því. Ég er að sá salti.

– Salti? Hvers vegna í ósköpunum?

– Hvers vegna? Nú, vantar ekki alltaf salt? Hér vantar alltaf salt í grautinn.

– En þú veist að salt vex ekki ... reyndi Menelás að mótmæla en Ódysseifur hlustaði ekkert.

– Fariði frá, saltið sáir sér ekki sjálft. Svona, hott, hott! hrópaði hann á furðulega eykið sitt og hélt áfram. Bræðurnir horfðu á eftir manninum í kjólnum.

– Hann er orðinn vitskertur á að búa hérna í friðsældinni, andvarpaði Menelás.

– Ég er ekki svo viss um það, sagði Agamemnon hugsí. Ég held að hann vilji ekki koma með okkur. Hann leit í kringum sig og sá Penelópu og Telemakkus son þeirra lengra uppi í fjörunni. Agamemnon skundaði þangað, tók barnið upp og lét það niður þar sem Ódysseifur stefndi með plóginn. Um leið og Ódysseifur sá barnið skríða í fjörusandinum sem plógurinn myndi brátt rífa upp, stoppaði hann og hljóp til stráksins. Hann tók barnið upp og talaði við það og leit ekki vitund út fyrir að vera vitskertur lengur.

– Ertu þá tilbúinn að tala við okkur Ódysseifur? spurði Agamemnon strangur á svip.

Ódysseifur hengdi haus og viðurkenndi að hann hefði verið að reyna að losna við þá með því að þykjast vera brjáláður. Hann vildi alls ekki fara með þeim.

En bræðurnir tveir gáfu sig ekki og vildu segja Ódysseifi hvers vegna þeir væru komnir.

Trója var borg við Miðjarðarhafið þar sem prinsinn París bjó.

Öllum að óvörum hafði París rænt Helenu fögru, konu Menelásar Spörtukonungs, og flutt hana til Tróju. Menelás var ekki ánægður með að uppgötva að eiginkonu hans hefði verið rænt úr höllinni. Fyrst var reynt að semja við París um að skila konunni en hann tók það ekki í mál. Þá varð Menelás það ljóst að hann yrði að fá hjálp Agamemnons bróður síns og annarra grískra konunga til að ráðast á Tróju. Því Trója var engin venjuleg borg. Sagt var að sjávarguðinn Póseidon og Appollon, guð tónlistar, hefðu byggt borgarmúrana og þess vegna væri hún ósigrandi. Líkurnar á sigri voru því ekki góðar og þetta vissi Ódysseifur vel.

– Strákar, einu sinni var því spáð fyrir mér að ef ég færi að heiman í stríð, frá fjölskyldu minni, myndu líða tuttugu ár þangað til ég kæmi aftur heim. Eins og guðirnir væru á móti mér.

– Bull! sagði Agamemnon hátt.

– Þvaður! sagði Menelás enn hærra. Þú sem ert svo snjall Ódysseifur? Hvers vegna ættu guðirnir að vera á móti þér? Það væri fáránlegt. Þú ferð ekki að svíkja okkur í þetta sinn.

Þarna var Menelás sniðugur, því hann vissi hvað Ódysseifur var hégómagjarn og montinn. Hann taldi sig yfirleitt vera snjallastan allra, hvar sem hann kom. Því blés hann nú á allar áhyggjur og sagði að það væri lítið mál fyrir sig að ljúka þessu stríði og koma heim áður en sonur sinn færi að ganga. Ódysseifur var í snatri gerður að undirforingja Agamemnons í flotanum og kvaddi konu og barn.



2. Trójuhesturinn

Hermenn streymdu á skipum frá Íþöku og öðrum grískum eyjum og borgum. Öll stefndu þau á Tróju sem stóð skammt frá ströndinni. Grikkir slógu upp stórum tjaldbúðum í fjörunni við borgina fyrir hermenn sína og rændu bæi í nágrenninu til að hafa nóg að borða handa þeim. Grikkir sátu um borgina og stundum komu Tróverjar út til bardaga. Þegar tíu ár voru liðin og Grikkjum hafði ekki tekist að vinna borgina var ekki laust við að þreyta væri komin í hópinn. Ódysseifi var nóg boðið, hann kallaði Agamemnon og Menelás á sinn fund og var öskuillur.

– Nú er nóg komið af þessari vitleysu! Hvað eigum við að hanga hérna í mörg ár og murka lífið hver úr öðrum? Ég ætla ekki að leika mér í þessum sandkassa þar til ég verð ellidauður, sagði hann og benti á sandöldurnar og auðnina í kringum þá.

– Ég á tíu ára son heima á Íþöku sem ég ætlaði að sjá vaxa úr grasi og ég má alls ekki vera að þessu lengur. En við gefumst aldrei upp! Þar sem ég er snjallari en þið allir, er ég með hugmynd sem mun tryggja okkur sigur í eitt skipti fyrir öll. Komið með mér.

Allir fylgdu honum eftir, því Ódysseifur var svo oft búinn að segja þeim að hann væri snjallari en þeir að þeir voru farnir að trúá því sjálfir.

Þegar birti næsta morgun sáu Trójubúar hvorki tangur né tetur af Grikkjum á ströndinni. Enga hermenn, engar tjaldbúðir og engin skip. Aðeins risastóran tréhest á hjólum. Hermenn Tróju fóru út fyrir borgarmúrana og skoðuðu hestinn sem var hærri en hæstu byggingar borgarinnar. Æðstu menn Tróju komust að því eftir löng fundarhöld að Grikkir hefðu gefist upp á stríðinu og farið heim en skilið eftir þessa gjöf handa sigurvegurunum. Tréhesturinn var dreginn inn í borgina, þrátt fyrir mótmæli öldunganna sem töldu hann boða ógæfu. Íbúar Tróju slógu upp veislu í tilefni af því að hafa sigrað í þessu langa stríði og átu, drukku og sungu langt fram á kvöld.

Um nóttina þegar allt var orðið hljótt mátti greina mannamál innan úr hestinum. Búkurinn á honum var holur að innan og í kviðnum lágu fimmtíu helstu kappar Grikkja og biðu færís að komast út. Þetta hafði verið hugmynd Ódysseifs. Að smygla hermönnum inn í borgina og vinna hana þannig innan frá. Þeir læddust niður kaðalstiga, drápu verðina og opnuðu hliðin. Grísku skipin, sem höfðu verið í felum skammt frá landi, komu nú með alla hermennina. Íbúar vöknundu því við vondan draum þessa nótt þegar Grikkir lögðu undir sig borgina. Þeir Trójubúar sem enn voru lifandi að bardaganum loknum voru hnepptir í þrældóm. Allt var brennt til grunna og þar með hafði Trójuborg verið eytt.

Ódysseifur var ekki hógvær maður og taldi sig eiga stærsta þáttinn í falli Tróju. Að bardögum loknum gekk hann út að strönd þar sem menn hans voru að hlaða bátana til heimferðar. Vindurinn blés og hann hrópaði út á hafið:

– Ég hef sigrað Tróju! Heyriði það guðir? Þið sem haldið að allt vald komi frá ykkur. Ég, Ódysseifur, dauðlegur maður, hef sigrað borgina ósigrandi án nokkurrar hjálpar frá ykkur!

Djúp rödd barst utan af hafinu:

– Þú hrokafulli, dauðlegi maður. Telurðu þig jafningja guðanna? Þetta var hinn strangi sjávarguð Póseidon sem talaði.

Það var ekki gáfulegt að reita hann til reiði en Ódysseifur hló og svaraði fullum hálsi:

– Jafningi? Nei, það held ég ekki, því ég er miklu snjallari en þið! Þið hafið fylgst með okkur úthella blóði hér í tíu ár án þess að geta komist að niðurstöðu. En svo var það ég sem batt enda á það.

Svo gekk Ódysseifur til skips og sigldi af stað heim til Íþöku. Eða það hélt hann.



3. Í þokunni

Ódysseifur réð yfir tólf skipum sem nú sigldu frá Tróju. Um borð í hverju skipi voru fjörutíu menn. Flestir þurftu að róa með stórum árum þegar ekki gaf góðan byr. Þar sem Póseidon réð yfir hafinu, gat hann stjórnað því hvort menn kæmust heim á skipunum eða ekki. Hann sendi svo mikla þoku yfir skipin að mánuðum saman þvældust Grikkir um Miðjarðarhafið, rammvilltir. Það kom að því að matur og vatn var að klárast um borð í skipunum. Jafnvel Ódysseifur var farinn að örvænta, þó að hann léti ekki á neinu bera.

Þegar þokunni létti loksins var vindur ekki hagstæður til siglinga og enn vissu þeir ekkert hvar þeir voru niðurkomnir. Mennirnir settust við árar og reru út í óvissuna. Eftir að hafa róið hvíldarlaust í sex daga og sex nætur, hrópaði flautuleikarinn Antíklaus:

– Land! Ég sé land fram undan! Svörtu krullurnar á höfðinu á honum hristust til og frá þegar hann hoppaði eins og línudansari upp í siglutréd til að sjá betur.

Sólbrennd andlit sveittra ræðara litu upp og skipverjar sáu tvö fjöll birtast fyrir framan skipin.

– Ekki er það Íþaka, tautaði Evrýlokkus næstráðandi á eftir Ódysseifi. Hann var hugrakkur en oft fljótfær og geðvondur.

– Nei, en við verðum að fara í land og ná okkur í vistir á skipin. Ef við fáum ekki vatn verðum við allir dauðir eftir nokkra daga, sagði skipstjóri á einu af hinum skipunum. Ódysseifur samþykkti það en hann vissi samt vel að það var ekki áhættulaust að fara í land á ókunnnum eyjum. Þar gátu búið óvinveittir menn, eða hinar ýmsu ófreskjur Miðjarðarhafsins.

Þegar skipin nálgudust eyjuna sást að þröngt sund var á milli fjallanna tveggja og fyrir innan var góð höfn. Öll skipin stefndu á sunnið en skip Ódysseifs dróst aftur úr. Það var eitthvað við kyrrðina þarna á eyjunni sem honum líkaði ekki. Á meðan hin skipin sigldu inn í höfnina ákvað hann að leggja sínu skipi fyrir utan og bíða þar.

Rétt í því sem Ódysseifur ætlaði að kanna hvernig gengi hjá áhöfnum hinna skipanna, heyrðust mikil óhljóð, öskur manna og brothljóð í skipum. Ódysseifur sigldi að sundinu og reyndi að sjá hvað væri að gerast. Við honum blasti skelfileg sjón. Allt í kringum skipin stóðu risar og köstuðu í þau stórum grjóthnullungum svo þau brotnuðu í spón. Sumir risanna voru með löng spjót sem þeir notuðu til að skutla mennina sem þeir gleyptu í sig, eins og þeir væru að veiða fisk. Ódysseifur var viss um að þetta væru Lastrýgónar. Það var jötnaþjóð sem var sólgin í mannakjöt.

Hann skipaði mönnum sínum að róa frá landi eins og þeir ættu lífið að leysa. Þarna fórst allur herinn frá Íþöku, nema mennirnir á skipi Ódysseifs. Það var dapurlegt andrúmsloft hjá þeim við róðurinn. Þeir höfðu enn ekki náð í neitt vatn og því mikilvægt að fara í land á næstu eyju sem þeir kæmu að, hvaða óvætti sem hún kynni að geyma.





4. Pólýfemus

Fljótlega komu þeir að annarri eyju og fóru þar í land. Engir menn sáust, aðeins geitur og kindur sem voru á beit í grýttum hlíðum eyjunnar. Ódysseifur ákvað að hann skyldi fara ásamt fimmtán manns að kanna svæðið og leita að vatni og mat. Evrýlokkus átti að verða eftir í skipinu með helming mannanna og bíða.

Landkönnuðirnir gengu upp hæð og sáu op sem leit út fyrir að vera hellismunni. Þangað fóru þeir og komu að víðum helli. Þar var enginn, aðeins staflar af geitaosti, stórir brauðhleifar og vín í tunnum. Glorhungraðir tóku mennirnir til matar síns þó svo að eigandinn væri hvergi nærri. Ódysseifur vissi að það var ekki kurteisi en þeir voru svangir og óvíst hvenær íbúarnir kæmu til að veita þeim leyfi. Hann hugsaði með sér að þeir myndu gefa þeim einhverjar gjafir úr skipinu í staðinn fyrir matinn. Smám saman urðu allir saddir, Antík-leus hrokkinhærði tók að spila á flautuna og þeir sötruðu vín í rólegheitunum. Ódysseifur ætlaði að fara að skipa mönnum sínum að ná í

þá sem enn voru í skipinu svo þeir gætu líka fengið að borða, þegar skugga brá fyrir hellismunnann.

Íbúinn var mættur og hann var engin smásmíði.

Það var tröllvaxinn kýklópur sem gekk inn í hellinn með kindurnar sínar jarmandi á undan sér. Þegar hann var kominn inn með hjörðina ýtti hann risastórum steini fyrir hellisopið og aðeins birtan af nokkrum kyndlum lýsti upp hellinn.

Kýklópurinn varð mjög hissa þegar hann sá marga menn sitja og háma í sig kræsingarnar hans. En Ódysseifur varð fyrri til að heilsa honum.

– Sæll vertu, þér er vonandi ekki illa við að við skyldum setjast að borðum hjá þér?



Við skulum með glöðu geði gefa þér gjafir til ...

– Hver dirfist að stela af Pólýfemusi? Tókstu ost, brauð og vín líka?

– Já, þú fyrirgefur en við höfum ekkert borðað dögum saman. Hver er Pólýfemus?

– Nú það er ég auðvitað! hrópaði kýklópurinn reiður.

– Og býrð þú einn hér Pólýfemus? Ódysseifur var forvitinn að vita hvort von væri á fleiri slíkum risum.

– Já, Pólýfemus og kindurnar. En bræður hans búa á eyjunum hérna í kring. Pólýfemus er yngstur og þeir passa hann. Ódysseifur sá strax að Pólýfemus var sennilega ekki sá gáfaðasti af bræðrum sínum og talaði alltaf um sjálfan sig í þriðju persónu. Samt reyndi hann að tala við kjánann til að leiða huga hans frá matnum sem þeir höfðu stolið.

– Hverjir eru foreldrar þínir?

– Mamma er hafmeyja og pabbi er hinn mikli sjávarguð Póseidon, sagði risinn stoltur.

– Og hvaða þjófur ert þú? spurði hann svo reiður

– Ég heiti Enginn, sagði Ódysseifur og þaggaði niður í mönnum sínum með augnaráðinu, því einhver þeirra ætlaði að fara að leiðrétta hann. Pólýfemus leit á alla mennina sem stóðu í hóp við ostas-
taflana.

– Þú étur frá Pólýfemusi. Þá étur Pólýfemus frá Engum. Hægt og rólega teygði hann sig eftir öskrandi mönnunum. Hann tók einn þeirra upp í stóra hönd sína og sló honum nokkrum sinnum við hellisvegginn eins og hann væri að hrista brúðu. Þegar maðurinn hætti að sprikla, var hann étinn í nokkrum munnbitum.

Ódysseifur reyndi að halda mönnum sínum rólegum og hugsa skýrt. Þeir voru vopnaðir en myndu ekki ráða við risann með litlum sverðum sínum og spjótum. Enda gætu þeir heldur ekki þokað steininum frá hellisopinunni, þótt þeir hjálpuðust allir að. En Ódysseifur fann alltaf lausnir á vandamálum.



– Þú hlýtur að vera þreyttur og þyrstur eftir langan dag úti með hjörðinni þinni, Pólýfemus? Má ekki bjóða þér vín til að slaka á eftir erfiði dagsins? Ódysseifur notaði sína sykursætustu rödd til að sannfæra kýklópinn um að hætta að éta mennina hans. Pólýfemus rumdi eitthvað um að víst væri hann þreyttur. Hann hlammaði sér niður á stórt fleti úr gæruskinnum og tók við stórri krús fullri af víni frá Ódysseifi. Eftir þrjár fullar krúsir var hann orðinn nokkuð drukkinn og óskýrmæltur.

– Þið eruð góðir karlar. Góðir á bragðið. Á morgun étur Pólýfemus ykkur alla. Kannski kallar hann á bræður sína og býður þeim í veislu. Mannakjötsveislu. Veislu, sveislu, ha, ha!

Mennirnir þögðu og fylgdust með risanum leggjast út af og sofna. Þá hófust þeir handa við að tálga stóran trjádrumb sem hafði verið innst í hellinum. Með sverðum sínum bjuggu þeir til odd á tréð og sviðu svo oddinn í eldinum til að herða hann. Það var hljótt í hellinum, mennirnir hvísluðust á til að vekja ekki óvættinn en kindurnar lágu og jórtruðu rólegar.

Allt í einu rauf skaðræðisöskur þögnina. Ódysseifur hafði rekið yddaða trjádrumbinn í mitt augað á kýklópnum sem staulaðist á fætur staurblindur. Eftir að hafa ráfað um hellinn án þess að finna mennina fór hann að steininum og rúllaði honum frá opinu.

– Bræður mínir! Enginn hefur blindað Pólýfemus! hrópaði hann út í loftið en stóð áfram í hellismunnanum og ætlaði sér að grípa mennina þegar þeir reyndu að flýja. Það leit ekki út fyrir að þeir kæmust fram hjá honum. Sá fyrsti sem reyndi var gripinn og slengt utan í vegginn. Hann lá dauður eftir. Þegar kindurnar hlupu jarmandi út fálmaði Pólýfemus með stórum fingrunum á bakinu á þeim og hleypti þeim út. Ódysseifur benti mönnunum á að taka gæruskinnin í hellinum, sveipa þeim um sig og hlaupa jarmandi út á fjórum fótum. Þannig sluppu þeir sem eftir lifðu út úr hellinum. En þegar Ódysseifur var orðinn einn eftir inni voru allar gærurnar búnar. Þá sá hann að stór hrútur var við það að hlaupa út um hellisopið. Ódysseifur náði að fela sig undir hrútnum með því að hanga undir kviðnum á honum og þannig komst hann heill út.

Fimmtán höfðu þeir lagt af stað og þrettán komu þeir nú hlaupandi til skipsins þar sem hinir biðu áhyggjufullir.

– Upp með segl og út með árar! hrópuðu þeir allir á hlaupunum. Kýklópurinn stóð enn í hliðinni og var farinn að kasta að þeim stórgryti. Hann sá ekkert og því átti hann erfitt með að hitta en grjótinu rigndi í sjóinn allt í kring. Loks komst skipið á skrið og mennirnir reru lífróður frá eyju kýklópsins. Ódysseifur gat samt aldrei látið vera að monta sig þegar tækifæri gafst. Hann klifraði upp í mastrið á skipinu og hrópaði hátt:

– Ég er Ódysseifur, konungur Íþöku! Mundu að það var ég sem blindaði þig, stóri klunni! Segðu það öllum sem þú vilt, að dauðlegur maður sigraði þig.

– Póseidon faðir minn, hefndu sonar þíns! Hefndu Pólýfemusar!

Sjávarguðinn Póseidon var strangur og hefnigjarn guð sem sýndi litla miskunn. Hann hafði þó ætlað að sleppa Ódysseifi með skrekkinn þótt hann hefði sýnt honum hroka þarna um daginn. En nú þegar hann sá hvernig konungur Íþöku hafði farið með son hans, var engar miskunnar að vænta frá Póseidoni.



– Heldurðu að þú gætir nokkuð að-
stoðað mig við komast heim til fjölskyldu
minnar?

– Sveeeeerðfiskurinn segir meeeeee, hélt
Ajólus áfram og virtist ekkert vera að
hlusta.

– Nei, heyrðu nú mig karlfauskur!
Hættu þessu bulli og svaraðu mér.
Geturðu hjálpað mér eða ekki? Ódysseifur
hafði alveg tapað bæði þolinmæðinni og
kurteisinni. Ajólus lét þetta samt lítið
á sig fá og virtist ekkert móðgaður.

– Neiiiiii og jáááá. Guðinn stóð upp
og tók stóran sekk sem Ódysseifur hafði

meðferðis. Hann sveif mjúklega upp á klettana hjá fossinum og andaði djúpt að sér. Svo blés hann lengi ofan í sekkinn þangað til hann varð úttroðinn af lofti. Þegar ekki komst meira í sekkinn, lokaði hann vandlega og sveif aftur niður til Ódysseifs.

– Póóóóseidon er harður við óóóóóvini sína. Méééér er illa við að styyyyygja hann. Eeeeeen fjölskyldan saknar þín sárt kooooonungur. Ööööööll tré halla til viiiinstri.

– Ætlarðu þá að hjálpa mér? flýtti Ódysseifur sér að segja til að reyna að koma í veg fyrir að Ajólus færi að bulla aftur.

– Héééér eru allir vindar himinsins nema veeeestanvindurinn. Guðinn rétti manninum stóran og úttroðinn sekkinn. Skyndilega var eins og Ajólus hristi af sér vitleysuna og talaði í alvöru í fyrsta skipti.

– Vestanvindurinn ber skipið heim og allir aðrir mögulegir mót-
vindar eru innilokaðir. Það er mikilvægt að þú opnir ekki sekkinn
fyrr en þú hefur stigið á land á Íþöku, annars fer illa fyrir þér.

Ódysseifur þakkaði guðinum fyrir og ætlaði að klifra niður fjallið aftur. Guðinn hló að manninum, dró að sér andann og blés hressilega í bakið á honum. Hann tókst á loft og sveif niður að ströndinni þar sem menn hans biðu við skipið. Þeir fögnuðu honum vel, fegnir að sjá hann heilan á húfi. Ekkert höfðu þeir fundið að borða, aðeins fengið vatn að drekka. Það leit því út fyrir að þeir yrðu að lifa áfram á síðustu leifum birgðanna í skipinu. Sá matur var fyrir löngu orðinn óspennandi, þurr og gamall, en þeir höfðu ekkert val.

– Jæja piltar, nú siglum við heim! sagði Ódysseifur kátur og steig um borð. Hann sagði mönnunum ekkert frá Ajólusi eða sekknum, fannst það ekki koma þeim við. En þeim fannst sekkurinn áhuga-
verður og vildu vita hvað væri í honum. Sérstaklega var Evrýlokkus forvitinn því hann var sannfærður um að Ódysseifur hefði komist yfir einhvern fjársjóð á eyjunni og geymdi hann í sekknum.

– Hann ætlar að svíkja okkur um fjársjóðinn! Ætlar að eiga hann allan sjálfur. Ég skal komast að því hvað er í sekknum þótt síðar verði, tautaði Evrýlokkus við nokkra af skipverjunum sem voru honum sammála.

Ódysseifur sá að margir manna hans litu sekkinn hýru auga. En þar sem hann var þrjóskur og hrokafullur maður, varð hann enn ákveðnari í að segja þeim ekki hvað væri í honum. Því hann var skipstjórinn og hershöfðinginn. Það var hans hlutverk að stjórna þessum leiðangri. Skipverjarnir urðu að gera eins og hann sagði. Hann hafði aðeins sagt þeim að þeir mættu alls ekki opna hann. En það gerði þá auðvitað enn forvitnari. Á endanum ákvað Ódysseifur að sofa ekki á nóttunni til að enginn laumaðist í sekkinn.

Nú bar þá hins vegar hratt að ströndum Íþöku. Eftir að hafa vakað margar nætur var Ódysseifur orðinn mjög þreyttur. Hann stóð við stýrið á skipinu og dottaði. Þessu tækifæri hafði Evrýlokkus beðið eftir. Hann laumaðist til að ná í sekkinn og byrjaði að eiga við hnúttinn sem var bundinn fyrir. Það gekk erfiðlega því Ajólus hafði sett á hann flókinn hnút. Að lokum kom einn með hníf og rétti Evrýlokkusi. Rétt í því sem Ódysseifur vaknaði við hróp Antíklesar:

– Ég sé Íþöku! Við erum komnir heim!

Þá opnaðist sekkurinn með miklum hveli.



6. Aftur á byrjunarreit

Þegar allir vindarnir þustu út úr sekknum fauk skipið ásamt áhöfninni lengst á haf út. Langt frá ströndum Íþöku. Það stöðvaðist loksins í grýttri fjöru á ókunnri eyju og þá lægði vindinn. Ódysseifur stóð upp, öskureiður.

– Þá erum komnir aftur á byrjunarreit, kæru skipverjar! Þökk sé Evrýlokkusi og hans heimsku hermikrákum! Sökudólgurinn og fimm samsekir félagar hans lutu höfði skömmustulegir á meðan foringi þeirra hundskammaði þá þar til hann varð hás.

– Nú skipa ég ykkur snillingunum að fara að kanna þessa eyju og koma ekki heim fyrr en þið hafið fundið mat og drykk fyrir okkur hina.

Evrýlokkus og fimmmenningarnir lötruðu hægt af stað með spjót sín. Hinir biðu niðurdregnir við skipið sem þeir höfðu dregið á land vegna skemmda. Kvöldið leið og nóttin sömuleiðis, án þess að mennirnir kæmu til baka.

Næsta morgun kom stærðarinnar svín hlaupandi í fjöruna. Mannskapurinn kættist heldur betur þegar maturinn kom hlaupandi í fangið á þeim. Allir gripu hníf, sverð eða spjót og fóru að elta göltinn. Loksins tókst að binda svínið á öllum fótum og einn mannanna gerði sig líklegan til að skera það á háls á meðan hinir kveiktu eld til að steikja kjötið. Ódysseifur var sá eini sem ekki hafði tekið þátt í veiðunum.

– Stopp! Hættið þessu strax. Það er eitthvað bogið við þennan gölt. Ég veit ekki alveg hvað það er en þið megið ekki drepa hann. Ef einhver óhlýðnast mér í þessu máli, drep ég ykkur alla sjálfur! Ég þarf að kanna málið betur, greinilegt að enginn getur gert neitt af viti hérna nema ég. Þið bíðið hér og ég vil að svínið verði lifandi þegar ég kem aftur.

Enn á ný hélt Ódysseifur af stað til að kanna ókunna eyju. Honum fannst óþægilegt að vita ekki hvers vegna hann hafði það á

tilfinningunni að eitthvað væri athugavert við þetta svín. Hann var í þungum þönkum á gangi í grýttum brekkum, þegar einhver bankaði í öxlina á honum. Hann leit upp og sá að þetta var unglegur maður, ber að ofan, klæddur lendaskýlu, með ljóst liðað hár og hann brosti glaðlega til Ódysseifs. Að auki var hann fljúgandi. Ódysseifur þekkti hann strax, þetta var Hermes sendiboði guðanna á Ólympusfjalli. Grísku guðirnir höfðu gaman af því að skipta sér af lífi dauðlegs fólks, rétt eins og þeir væru að tefla skák. Stundum birtust þeir sjálfir en oftast ekki sendu þeir Hermes með skilaboðin.

– Halló Oddi! sagði Hermes glaðlega.

– Ekki kalla mig þessu nafni Hermes, það er eins og ég sé hundur, það Ódysseifur þreytulega, eins og hann nefnti ekki að þrasa við hann.

– O, láttu ekki svona Oddi. Ég ætla ekki að stoppa lengi. Aþena sendi mig í laumi án þess að þú veist, P-ó-s-e-i-d-o-n vissi. Sendiboðinn stafaði nafn sjávarguðsins þó að enginn væri nærri til að heyra nokkuð sem hann segði.

– Hvað sem því líður, hún vildi forða þér frá vandræðunum fram undan.

– En ég er ekki í neinum vandræðum!

Ég get sjálfur bjargað mér frá öllum hættum sem á vegi mínum verða, án hjálpar frá mönnum eða guðum ...

– Hættu nú þessu endalausandi monti drengur! Það nennir enginn að hlusta á þig og þú kemst aldrei



heim ef þú ætlar að láta svona. Stundum er allt í lagi að þiggja hjálp. Lengra uppi á þessari hæð er hús seiðkonunnar Kirku. Hún hefur þegar breytt sex af mönnum þínum í svín. Þegar þú kemur til hennar mun hún bjóða þér drykk sem á að breyta þér í dýr. En ef þú borðar þessa jurtt núna, mun drykkurinn ekki hafa nein áhrif á þig. Hermes rétti Ódysseifi jurtt með hvítum blómum sem hann stakk upp í sig og kyngdi. Hann gretti sig dálítið því þau voru beisk á bragðið. Hermes hélt áfram að þylja upp leiðbeiningarnar.

– Þegar hún áttar sig á að þú breytist ekki í dýrið sem hún óskaði sér, mun hún spyrja þig hver þú sért og hvort þú sért seiðkarl. Þá skaltu taka hnífinn þinn, bera að hálsi hennar og hóta að skera hana á háls ef hún leysi ekki menn þína úr álögunum.

– Og?

– Og ekkert, þá lætur hún þá lausa. Hermes bjóst til þess að fara.

– Ertu viss um að það sé ekkert fleira? Þetta virðist vera aðeins of einfalt, finnst þér ekki?

– Það veit ég ekkert um, þetta voru skilaboðin sem ég átti að bera þér og nú er ég farinn. Gangi þér vel Oddi! Án þess að líta við sveif ungi maðurinn á braut eins snögglega og hann hafði komið.

Ódysseifur hélt ótrauður áfram, ákveðinn í að láta ekkert stöðva sig. Uppi á hæðinni stóð stórt og fallegt hús. Það var úr gulum múrsteinum með súlum fyrir framan anddyrið og stórri verönd. Fyrir utan sá hann fimm svín á hlaupum rótandi í trjárótum og mold. Inni í húsinu sat falleg kona í stól, rétt eins og hún hefði verið að bíða eftir honum. Hún var með stórt bogið nef, brún augu, dökkt liðað hár og var í gulum kjól í sama lit og húsið. Sannarlega eins og grísk gyðja en Ódysseifur var á varðbergi og vissi að hún var seiðkona sem gat lumað á ýmsu. Hann tók líka eftir að fleiri konur voru á ferli annars staðar í húsinu en þær komu ekki að heilsa honum.

– Velkominn Ódysseifur hinn mikli og glæsti konungur, sagði hún mjúkri röddu eins og hún vildi seiða hann til sín.

– Sæl Kirka. Ódysseifi þótti ekki slæmt að hún vissi hver hann var, það þýddi að orðspor hans hefði farið víða.

– Komdu til mín, snúður og fáðu þér drykk eftir fjallgönguna, þú hlýtur að vera þyrstur, litla rúsínubolla. Hann gerði ekki athugasemd við þetta skrýtna orðalag hennar. Samt fékk hann sér sæti og drakk úr bikarnum sem hún rétti honum.

– Hér er hressing fyrir þig, ólífukútur, hélt hún áfram með mjúku röddinni og seiðandi augun störfu á hann. Hann starði hins vegar beint á móti og sá vaxandi áhyggjur hennar þegar ekkert bólaði á breytingu á honum eins og hún bjóst við.



– Heyrðu mig nú, sítrónusúri, hvaða galdrar fylgja þér? Nú var röddin ekkert seiðandi lengur, aðeins pirruð. Ódysseifur ákvað að fylgja ráðum Hermes og dró fram hníf sinn.

– Ég veit allt um seyðið þitt, Kirka og það virkar ekki á mig. Og ég veit líka að ég er eflaust glæsilegasti maður sem þú hefur augum litið en ég er giftur góðri konu og kæri mig ekki um að vera kallaður rúsínusnúður, ólífubolla eða sítrónusafi!

– Æ, aldinbossi ... fyrirgefðu. Hún talaði núna venjulega og virtist leið.

– Okkur stelpunum leiðist bara hérna. Það vill enginn staldra við hérna hjá okkur þannig að ég fékk þá hugmynd að breyta þeim sem koma í dýr til að halda þeim hjá okkur lengur. En það er samt ekki alveg eins gaman að tala við apa og fólk. Hún benti á apana sem hoppuðu í trjánum fyrir utan. Eflaust skipreika menn frá fyrri tíð.

– Ég skal aflétta göldrunum á mönnum þínum ef þú lofar mér sem heiðursmaður að fara ekki héðan strax?

Ódysseifur hugsaði með sér að þeir gætu vel nýtt tímann í landi til ýmissa verkefna og svaraði því játandi. Kirka skríkti og hoppaði upp og niður eins og smástelpan. Með einni handasveiflu leysti hún álögin af mönnunum, sem vöknuðu á fjórum fótum í drullupytti, forugir upp fyrir haus.

7. Til Undirheima

Niðri í fjöru var Grikkjunum farið að leiðast að bíða eftir foringja sínum. Nokkrir voru jafnvel farnir að brýna hnífa sína og líta bundinn göltinn hýru auga aftur. Það togaðist á innra með þeim hræðslan við að óhlýðnast Ódysseifi og nagandi hungrið eftir margra vikna svelti. Ungur maður að nafni Gregos hrópaði:

– Hvað erum við að hugsa? Hér er nægur matur til að metta okkur alla en við sitjum bara og gerum ekkert? Ég þoli þetta ekki lengur, ég sker grísinn! Maðurinn nálgast svínið en þegar hann bar hnífinn að hálsi þess komu frá því undarleg hljóð. Ólík öllum hljóðum sem svín gáfu frá sér.

– Faaarrð méééé! Kurraði í kokinu á því og mennirnir störfu á göltinn.

– Ha? sagði Gregos heimskulega.

– Farðu frá mér krakkaskítur eða ég sker þig á háls! Og fyrir augunum á þeim breyttist svínið í Evrýlokkus. Hann spriklaði nú bundinn á höndum og fótum við eldinn, sótrauður af reiði í framan. Um tíma þorði enginn mannanna að losa hann því hann blótaði svo mikið að hann froðufelldi eins og hann væri vitstola. Þegar hann róaðist var hann leystur úr haldi og ákvað strax að þeir skyldu halda upp í bústað Kirku.

Pangað komust þeir allir að lokum. Stúlkurnar hennar Kirku tóku á móti þeim með söng og mat, dauðfegnar að fá raunverulega menn að tala við. Ódysseifur stóð við loforðið sitt og dvaldi á eyjunni hjá Kirku í nokkrar vikur. Eftir tíu ára styrjöld í tjaldbúðum við Tróju og margra mánaða volk á skipinu með lítinn mat var ljúft að slaka á með fast land undir fótum aftur og nægan mat. Að vísu fengu þeir aðeins fisk, ávexti og brauðmeti. Þeim þótti ekki viðeigandi að veiða nein dýr á eyjunni ef það skyldu vera menn sem Kirka hefði áður hneppt í álög.



Þegar búið var að laga skipið og hlaða það vatnstunnum og vistum varð þó ekki hjá því komist að mennirnir héldu út á sjó á ný. Heimþráin togaði í þá alla, þó þeim þætti gott að vera áhyggjulausir á eyjunni. Kirka reyndi eins og hún gat að finna handa þeim verkefni sem þyrfti nauðsynlega að sinna áður en þeir færu. Að lokum vildi Ódysseifur leggja af stað. Þá kom Kirka með erfitt verkefni handa honum.

– Ég skal veita þér fararleyfi með því skilyrði að þú farir til Undirheima og náir tali af blinda spámanninum Tíresíasi. Hann mun segja þér hver örlög þín eru. Hvort þú komist heim til Íþöku eða hvort þú eigir að búa áfram hjá mér. Þú átt að koma hingað og segja mér spádóm hans og við munum hlíta hans úrskurði. Gagnvart svo voldugri seiðkonu fannst Ódysseifi öruggara að samþykkja hugmynd hennar.

Stemningin í skipinu var hins vegar ekki upp á marga fiska þegar lagt var af stað. Þegar mennirnir höfðu heyrt hvert ferðinni var heitið urðu þeir skelfingu lostnir og þótti það för í opinn dauðann. Hades, guð Undirheima, gætti þess að engir lifandi menn kæmu þangað og að engir dauðir menn sneru aftur upp á yfirborðið.

Í nokkra daga reru þeir, án mikils ákafa, í átt að þokuströndunum þar sem Kimmeríarnir bjuggu. Þar festu þeir skipið en enginn vildi fara í land nema Ódysseifur. Þeir vildu vera við öllu búnir ef þeir þyrftu að leggja af stað í flýti. Ódysseifur hristi höfuðið pirraður á heigulshætti sinna manna, jafnvel Evrýlokkus virtist vera orðinn huglaus. Ódysseifur stefndi á op ofan í jörðina skammt frá ströndinni. Ofan í það rann lítill, tær lækur. En þegar kom ofan í jarðopið breyttist lækurinn á undraverðan hátt í svart stórflyót sem byltist niður miklar flúðir langt niður í jörðina. Þetta var áin Styx sem lá að Undirheimum.

Ódysseifur bægði frá sér öllum ótta, sannfærður um að hann gæti leyst hverja þraut sem lögð yrði fyrir hann. Allt voru þetta guðirnir að reyna að leika sér með hann en þeir skyldu ekki sigra.

Hann hafði enga hugmynd um hvernig hann ætlaði sér að komast niður eftir ánni. En hann vonaði að ferjumaðurinn Karon, sem flutti

þá dauðu til Undirheima, birtist á hverri stundu. Ódysseifur hafði með sér dálítið hveiti sem hann makaði á andlit sitt til að gera sig fölan. Einnig sveipaði hann um sig dökkum, slitnum kufli með hettu svo ekki sæjust sólbrúnir og vöðvastæltir handleggirnir. Hann þyrfti að líta út eins og látin sál á leið til Undirheima.

Hljóðlaust birtist Karon á bátskrifli sínu og kom að bakkanum þar sem dulbúni maðurinn stóð. Ódysseifi brá því maðurinn í bátnum var svo gamall og hrumur að hann óttaðist að hann hrykki í sundur á hverri stundu. Á einhvern undraverðan hátt gat hann haldið bátnum alveg kyrrum, án nokkurrar áreynslu, þótt straumurinn í ánni væri þungur. Grikkir höfðu þann sið að leggja pening undir tunguna á dánu fólki þegar lík voru borin til grafar. Fólk trúði því að hinn látni gæti greitt ferjumanninum fargjaldið. Hefði sá látni enga peninga myndi hann vafra um bakka Styx að eilífu. Ódysseifur ákvað að bjóða þeim gamla peninga og vonaði að dulargervið dygði til að blekkja hann.

– Hvað tekurðu fyrir ferðina?

– Er hvað? Karon bar höndina upp að eyranu til að heyra betur til ókunnna mannsins.

– Hvað á ég að borga fyrir ferðina?

– Fæ ég fyrir ferðina? Þú skalt sjálfur fá fyrir ferðina, dóni!





– Geturðu ferjað mig til Undirheima? hrópaði Ódysseifur eins hátt og hann gat.

– Nú auðvitað! Hvað heldurðu að ég sé að gera hérna? Í skemmtisiglingu? Það er óþarfi að hrópa. Hvar er Hermes? Hann á að koma með ykkur ræflana.

– Hermes var upptekinn annars staðar, svaraði Ódysseifur.

– Var hann hengdur upp? Hermes?

– Nei, hann var upptekinn sagði ég!

– Og sagaður? Blessaður drengurinn en hann er nú ódauðlegur og hressist fljótt. Lenti hann í deilum við einhvern?

– Hann fór að sækja sálir til Sikileyjar.

– Voru settir á hann silkiormar í þokkabót?

– Gætum við farið að leggja af stað, karlugla? Ódysseifur var að missa þolinmæðina gagnvart þessum heyrnarlausu skrögg sem gerði ekki annað en að tefja tímann. Nú heyrði karlinn þó til hans og móðgaðist.

– Hvaða, hvaða! Voðalegur asi er þetta á þeim dauðu. Vanþakk-látu unglingar nú til dags, tautaði karlinn á meðan Ódysseifur kom sér fyrir um borð í hrörlegum bátnum. Þar var aðeins eitt sæti og hrúga af fagurlitum appelsínum í stafninum, sem ferðalangnum þótti undarlegt á þessum dimma stað. Báturinn sigldi rólega niður breitt fljótið, sífellt lengra inn í jörðina. Eftir nokkra stund kom báturinn að landi á hinum árbakkanum. Þar heyrðist hávært urr og gelt sem hljómaði um alla neðanjarðarhvelvinguna. Karon beygði sig niður og tók upp þrjár appelsínur úr hrúgunni í bátnum. Á bakkanum kom Kerberos, risavaxni þríhöfða varðhundurinn í ljós og lét ófriðlega. Með snöggum hreyfingum kastaði ferjumaðurinn appelsínu í hvert höfðuð hundsins. Þó að ávextirnir væru litlir í samanburði við skepnuna, höfðu þeir tilætluð áhrif því hann þagnaði og ýlfraði skömmustulega.

– Hann á ekki að hindra að fólk komi inn, hundkvikindið, heldur passa að enginn fari út! skrækti Karon en beindi svo orðum sínum að farþeganum.

– Hérna, þá erum við komnir, dómarnir bíða þín.

Ódysseifur stóð upp og steig inn í land hinna dauðu.

8. Spádómurinn

Stórir salir og víðáttur opnuðust fyrir Ódysseifi þegar hann gekk eftir stígnum sem lá til dómaranna þriggja. Í fjarska sá hann höll Hadesar og konu hans, Persefónu, gnæfa yfir öllu Undirheimaríkinu. Hades var ekki dauðinn sjálfur og ákvað ekki hverjir dæju eða hvenær. Hans hlutverk var að gæta þess að sálir þeirra sem þegar voru látnir héldu sig í Undirheimum. Þessu hlutverki sinnti hann vel en tók engan þátt í dómarastörfum nema í mjög sérstökum málum.

Dómararnir, sem dæmdu hvar sálirnar fengju inngöngu í Undirheimum, voru Eakos, Mínos og Hradamanþýs bróðir hans. Allir höfðu þeir verið valdir í dómarasætið vegna þess að þeir þóttu réttlátir og skynsamir menn á meðan þeir lifðu. Það var samt ekki eins auðvelt að blekkja þá með dulargervi og Karon. Þeir sáu strax að Ódysseifur var lifandi á meðal hinna sálnanna sem ráfuðu þarna um.

– Hvernig dirfist þú að koma hingað, dauðlegur maður? þrumaði Mínos. Þeir sátu allir í háum sætum sem varð til þess að Ódysseifi fannst hann smærri en nokkru sinni fyrr. En hann rétti úr sér og sagði þeim alla sólaröguna af ferðalagi sínu og sendiför Kirku til Undirheima.

– Ha, ha, svo hún Kirka gamla sendi þig? Eakos hló. Ég veit að hún er fögur, enda hefur hún með töfrum sínum haldið sama útlitinu í fjögur hundruð ár! Álögin haldast hins vegar aðeins á eyjunni þar sem hún býr og því getur hún aldrei farið þaðan, nema hún vilji enda hérna hjá okkur. Dómararnir stungu saman nefjum stutta stund og töluðu í lágum hljóðum. Svo tók Hradamanþýs alvarlegur til máls.

– Hades hefur haft áhyggjur af yfirgangi Póseidons bróður síns undanfarið. Nýlega reyndi hann að hrekja Aþenu frá borg sinni með flóðum og skemmdum. Hann hlýðir ekki úrskurðum guðanna. Ég held að Hades væri jafnvel tilbúinn að leggja þér lið Íþökukonungur, þó ekki væri nema til að stríða bróður sínum. Þú færð leyfi til að ganga inn á Gullrótarengi og finna spámanninn Tíresías. Að því loknu mun Karon ferja þig aftur í land lifenda.



Stígurinn sem Ódysseifur hafði gengið á greindist nú í þrennt. Á hægri hönd var stórt og rammgert hlið úr gulli og þar fyrir innan var draumalandið Elýsion. Þangað fóru þeir fáu sem hlutu náð guðanna eftir dauðann. Þar leið dagurinn eins og í draumi, því sólin skein endalaust og enginn þurfti á hvíld að halda. Þar voru aðeins veislur og skemmtanir. Þeir sem dvöldu þar höfðu leyfi til að snúa aftur til hinna lifandi en fáir höfðu áhuga á því.

Til vinstri var bronsklið sem var harðlæst utan frá. Það var gert til að koma í veg fyrir að sálirnar færu þaðan út. Þetta var Tartaros, víti þeirra sem höfðu misboðið guðunum og reitt þá til reiði. Þaðan hljómuðu stanslaus örvæntingaróp og kvein frá sálum sem voru lokaðar innan þrefaldra múranna umhverfis staðinn. Ódysseifur hryllti sig. Kannski hafði hann reitt guðina svo til reiði með sinni hegðun að hann yrði sendur til Tartaros eftir dauðann.

Stígurinn sem lá beint áfram leiddi hann að Gullrótarengi, þar sem flestar sálir dauðra manna enduðu. Fáir gátu sannfært dómara um að líf þeirra eða dauði hefði verið svo hetjulegur að þeir ættu skilið að fara til Elýsion. Á enginu ríkti engin gleði og engin sorg heldur. Það var gráleitt umhverfi með þokukenndu lofti. Sálir og skuggar reikuðu stefnulaust um og sýndu aðkomumanninum lítinn áhuga.

Þá sveif að honum gamall sjónlaus maður og hneigði sig fyrir honum. Í jarðlífinu hafði hann einu sinni stolist til að horfa á Aþenu baða sig í læk. Hún varð honum svo reið að hún tók frá honum sjónina en gaf honum spádómshæfileika í sárabætur.

– Ódysseifur, þú ert kominn til að hitta mig, er ekki svo? Hmm? Maðurinn var skeggjaður, gráleitur og gegnsær eins og allar sálirnar á enginu. Ódysseifur þurfti ekki að útskýra erindi sitt fyrir Tíresíasi, því hann var spámaður og vissi meira en aðrir.

– Þú hefur sóað dýrmætum tíma þínum í þras við guðina, Ódysseifur. Það er óskynsamlegt. Ég sé sýnir, ungi maður. Ég sé að þú munt komast heim um síðir. Þú átt sannarlega heima á Íþöku, Ódysseifur, hvað sem Kirka segir. En í ríki þínu verða

vandræði þegar þú kemur heim. Það mikilvægasta sem þú þarf að vita fyrir heimferðina er að láta nautin á Trínakía í friði. Þetta eru naut sólarkonungsins Helíósar. Ef þú snertir hár á höfði þeirra mun skip þitt brotna í spón og þú einn munt komast af. Öldungurinn leystist upp og hvarf í þokuna.

Ódysseifur bjóst til heimferðar en mætti þá móður sinni og rak upp sorgarkvein.



9. Fréttir frá Íþöku

Þegar Ódysseifur fór að heiman í Trójustríð-ið hafði móðir hans, Antiklea, verið á lífi en nú höfðu liðið meira en tíu ár. Ódysseifur varð fyrir miklu áfalli að sjá hana þarna. Hann reyndi hvað eftir annað að faðma hana að sér en gekk í hvert skipti í gegnum hana eins og reyk.

– Móðir mín! Hvað ert þú að gera hér?

Hvað kom fyrir þig? kjökraði hann.

– Elsku drengurinn minn. Það fór svo á



endanum að ég gat ekki beðið lengur eftir þér. Ég dó fyrir stuttu síðan úr sorg yfir örlögum þínum.

– En ég er á heimleið, mamma!

Tíresías sagði að ég myndi ná heim á endanum, bara að þú hefðir getað beðið eftir mér, kjökraði þessi stóri maður.

– Ég var orðin gömul og þreytt, Ódysseifur, minn tími var kominn. En það er verri fréttir að fá frá Íþöku.

– Er allt í lagi með Telemakkus? Og Penelópu?

– Síðast þegar ég skildi við þau voru þau bæði heilsuhraust, það vantar ekki. En margir hafa misst trúna á að konungur þeirra snúi aftur til þeirra. Þess vegna hafa auðgir

menn sótt að heimili þínu í þeirri von að Penelópa hætti að bíða eftir þér og velji sér einn þeirra fyrir eiginmann. Sagt er að von sé á mun fleirum ef þú kemur ekki fljótlega heim. Penelópa bíður hins vegar trygglynd eftir þér. En hún er kurteis og fer eftir siðum og venjum. Því mun hún þurfa að færa öllum þeim sem vilja koma, mat úr búi ykkar. Það gæti orðið langur tími og erfitt fyrir konungsríkið að standa undir því.

– Hvað um Telemakkus? Hvernig dafnar hann? Ódysseifur vildi sem minnst hugsa um aðra menn sem biðu eins og hrægammar eftir því að kona hans yrði ekkja.

– Hann er indæll drengur og duglegur að gæta kinda þinna. Hann verður hraustmenni ef hann fær einhvern tíma föður sinn til að kenna sér vopnaburð. Þó að mér finnist Penelópa dekra hann of mikið, þá talar hún stanslaust um þig svo drengurinn gleymi þér aldrei. Boginn þinn hangir líka alltaf uppi svo allir finni fyrir nærveru þinni á heimilinu. En auðvitað getur enginn spennt hann upp nema þú þó að sá litli sé farinn að reyna það án árangurs. En sonur sæll, farðu nú aftur upp á yfirborðið og flýttu þér heim, sagði Antikleia þegar hún sá að Ódysseifur var farinn að táfella.

– Þakka þér fyrir, mamma mín. Hann kvaddi móður sína með trega, gekk aftur fyrir dómarana og sagðist hafa fengið það sem hann óskaði. Nú væri tími til að snúa aftur á yfirborðið.

– Því miður, þú ferð aldrei upp á yfirborðið, kæri konungur. Hér verður þú fram að endalokum alheimsins! Þrumaði Mínos, myrkur á svip.

– Hvað meinarðu? Á ég að húka í þessari myrkraholu löngu áður en ég drepst? Andlitið datt næstum af Ódysseifi og hann ætlaði að fara steyta hnefann út í loftið, þegar allir dómarnir sprungu úr hlátri.

– Ha, ha, ha! Fyrirgefðu, ég veðjaði við strákana að mér tækist að espa þig upp! Þú ert ansi uppstökkur, félagi. Það er ekkert skrytið að þú standir í deilum við guðina! Auðvitað vorum við búnir að lofa að þú fengir að fara upp aftur. Mínos hló svo mikið að erfitt var að skilja hann. Hinir tveir grétu nánast úr hlátri líka.

– Fyrirgefðu Ódysseifur, það gerist ekki margt fyndið hérna. Strákar, ég bara get ekki hætt! sagði Eakos um leið og hann lak hálfpartinn niður af háa, virðulega dómarastólnum sínum.

Ódysseifi var ekki eins skemmt. Hann laumaðist skömmustulegur í burtu og ákvað að æsa sig ekki frekar við þá félagana. Eflaust hefðu þeir ekkert heyrt til hans.

– Passaðu þig á hundinum, félagi! hrópaði Mínos á eftir honum á milli hlátursrokanna.

Hvað hafði Karon sagt? Að hundurinn Kerberos ætti að passa að enginn kæmist út aftur? Og var hann ekki einmitt á leiðinni út núna? Ódysseifur nálgast ána Styx og ferjuna við árbakkann. Eftir því sem nær dró heyrði hann sífellt betur urrið í hundinum. Hann þyrfti góða áætlun til að leika á kvikindið en var svo pirraður að engin hugmynd kviknaði í kollinum á honum. Að lokum stóð ferðalangurinn andspænis urrandi höfðunum þremur án þess að vita hvernig hann gæti komist fram hjá einu þeirra, hvað þá öllum þremur. Það fauk í hann og hann öskraði svo hátt að það yfirgnæfði allt urr og gelt.

– Þegiðu, hundskratti! Þykistu vera stór? Þykistu vera rosalega grimmur? Voff, voff, voff, ég get þetta líka! Ég má ekki vera að þessu rugli, ég er að flýta mér. Dröslaðu nú þínu einmana skotti og öllum þínum ljótu hausum frá mér og hleyptu mér fram hjá!

Kerberos var kominn með slefandi ginin alveg að manningum, til að þefa af þessari æpandi veru. Ódysseifur gaf honum selbita í eitt nefið og gekk fram hjá honum. Hundurinn lagði niður öll eyrun og ýlfraði aumingjalega. Þessu hafði hann aldrei lent í áður. Einu ummerkin sem Ódysseifur bar eftir viðureignina við hundinn, voru stórir sleftaumar sem höfðu lekið úr munnvikum óargadýrsins með litla hjartað. Karon varð meira en lítið hissa þegar maðurinn birtist og vildi láta ferja sig aftur upp á yfirborðið.

– Hvað ert þú að vilja? Átt þú ekki að vera dauður? Ertu kannski Herkúles? Hann kom einu sinni hingað í heimsókn og fékk að fara aftur. Indælis drengur, kurteis og ...

– Nei, ég er ekki Herkúles, það eru til aðrir kappar en sá lúði! Ég er Ódysseifur konungur Íþöku og ég hef fararleyfi frá dómurunum. Af stað, gamli karl.

– Að veiða lúðu og ígulker? Hérna í ánni? He, he, í þessu vatni lifir ekki einu sinni dauðinn sjálfur. Þú verður að reyna annars staðar til að fá í soðið, hló sá gamli, óvenju glaður.

– Getum við bara komið okkur héðan, herra Karon þú mikli ferjumeistari? andvarpaði Ódysseifur uppgefinn eins og sprungin blaðra.

– Af hverju sagðirðu það ekki strax?

Þeir lögðu af stað til hinna lifandi. Burt frá þessum dimma og óviðkunnanlega stað.

Viðbrögð Karons við kurteislegri beiðni um að leggja af stað, komu Ódysseifi á óvart.

Kannski hann ætti að temja sér rólegri og hógværingi framkomu? Kannski höfðu dómarnir rétt fyrir sér? Var hann kannski enginn snillingur? Aðeins geðvondur og montinn dóni?

Eftir þessa ferð til Undirheima var hann sannfærður um að hann yrði á einhvern hátt að bæta ráð sitt. Nákvæmlega hvernig vissi hann ekki enn þá.



10. Óvættir

Það fyrsta sem Ódysseifur ákvað að gera þegar hann kom til sinna manna við skipið aftur, var að segja þeim nákvæmlega frá spádómi Tíresíasar. Hann minntist þess sem hafði gerst þegar hann hafði ekki sagt þeim neitt um innihald sekksins frá guði vindanna. Nú reru þeir aftur til eyju Kirku glaðir í bragði, sannfærðir um að ferð þeirra myndi fljótlega enda á strönd Íþöku. Allt sem þeir þyrftu að gera var að láta naut Heliosar í friði, það hlaut að vera einfalt. Kirka varð vonsvikin þegar hún heyrði að Tíresías hafði sagt að Ódysseifur ætti heima á Íþöku en ekki hjá henni. Þrátt fyrir það hlýddi hún niðurstöðunni og sagði Ódysseifi á hverju skipverjar gætu átt von á ferðalaginu. Flest af því sem hún sagði fengu mennirnir að heyra þegar skipið var lagt af stað. Allt nema eitt lítið smáatriði.

Fyrst nálgudust þeir fallega litla eyju, sem kölluð var eyja Sírenanna. Kirka hafði sagt að Sírenurnar væru verur sem enginn hefði séð eða heyrt og lifað til að segja frá þeim. En menn vissu að með söng sínum lokkuðu þær til sín alla sæfarendur sem sigldu fram hjá eyjunni. Þeim hafði verið ráðlagt að troða volgu vaxi í eyrun svo þeir heyrðu ekki til þeirra.

Ódysseifur var samt sannfærður um að hann myndi geta staðist söng Sírenanna, annað hlyti að vera aumingjaskapur allra hinna sem höfðu laðast að söngnum. Hann hefði viljastyrk á við guði og gæti án efa hlustað á söng án þess að vilja henda sér í hafið. Svo hugsaði hann sig betur um. Kannski hafði hann rangt fyrir sér.

Ódysseifur lét skipverjana binda sig rækilega við eitt mastur skipsins eftir að hann hafði sett vax í eyrun á þeim. Þannig ætlaði hann sér að heyra sönginn en vera samt óhultur. Þegar skipið nálgadist litlu eyjuna, byrjaði söngurinn að óma. Hann var svo fallegur og



töfrandi að Ódysseifi leið eins og ekkert skipti máli lengur. Ekkert nema það að komast nær söngnum. Engar áhyggjur, ábyrgð, hungur, þorsti eða minningar framar. Honum fannst allt verða betra ef hann bara kæmist á eyjuna þaðan sem söngurinn kom, hann myndi gefa allt fyrir það. Hann varð að koma skilaboðum til mannanna. Þeir heyrðu ekkert, sáu bara Ódysseif öskra og reyna að gefa þeim bendingar um að leysa sig frá mastrinu. Sem betur fer hlustuðu þeir ekki á hann, heldur sigldu fram hjá eyjunni. Á ströndinni sá hann Sírenurnar nálgast. Þær litu út eins og dádýr, hestar, páfuglar, úlfar, refir og hérar en voru með kvenhöfuð í stað dýra. Skipverjarnir sáu í fjörobörðinu bein þeirra manna sem höfðu látið ginnast af söngnum í gegnum tíðina og endað þar líf sitt.

Þegar ómur söngsins dó út tóku bátsfélagarnir vaxið úr eyrunum og leystu skipstjóran úr böndunum. Hann var feginn að hafa látið binda sig við skipið en samt leiður yfir því að hafa haft rangt fyrir sér. Söngur Sírenanna hafði verið miklu kraftmeiri en hann hafði haldið og engin leið að standast hann. En það gafst ekki tími til að dvelja við sjálfsgagnrýni, því næstu hættur stöðjuðu þegar að.

Rétt eins og Kirka hafði spáð, stefndi skipið nú á þröngt sund á milli tveggja kletta. Annar kletturinn var lægri en hinn var svo hár og sleipur að ómögulegt var að klifra þar upp. Við lága klettinn bjó skrímslið Karybdis. Hún var risastórt sæskrímsli sem fáir höfðu séð, því hún dvaldi að mestu neðansjávar. Þrisvar á dag kom hún upp á yfirborðið og svelgdi í sig mikið magn af sjó. Við það myndaðist svo stór hringiða við





kjaftinn á henni að heilu skipin gátu sogast ofan í hana. Þegar hún hafði belgt sig út af sjónum, skilaði hún honum aftur með miklum látum, svo hann spýttist og frussaðist upp.

Skipið þurfti að komast fram hjá þessum sjógangi til að geta haldið förrinni áfram til Ípöku. Til þess að forðast Karybdis urðu þeir að sigla nær háa klettinum. Ódysseifur horfði forvitinn upp klettavegginn og sá þar stóran helli. Aðrir á skipinu voru uppteknir við róðurinn svo skipið sogaðist ekki í iðu Karybdis.

Skyndilega heyrðist eins konar gelt og sex gríðarlangir armar birtust út úr hellinum að ofan. Á hverjum armi var illilegur haus með gapandi gin. Tennurnar voru hnífbeittar og þrjár raðir af tönnum í hverjum munni. Ódysseifur hafði ekki sagt mönnum sínum frá þessari veru, af ótta við að þeir neituðu að sigla með honum. Kirka hafði sagt honum að í þessum helli byggi Skylla, ferleg ófreskja með tólf fætur og sex langa hálsa. Hver haus forynjunnar greip nú einn skipverja í hvern kjaft og allir hurfu þeir upp í helli hennar, þar sem hún át þá með vel brýndum tönnum.

Ódysseifur settist við róðurinn og hvatti menn sína að róa af öllum kröftum og komast fram hjá þessum óvætti án þess að missa fleiri menn. Þegar þeir voru komnir á lygnan sjó hægðu þeir á skipinu og syrgðu horfna félaga sína. Einn þeirra hafði verið flautuleikarinn Antíklaus. Skipið rak hægt áfram meðan skipverjar hugsuðu sorgmæddir til félaga sinna og fundu að þeir söknuðu flaututónanna sem höfðu svo oft kætt þá.

11. Loforðið

Eyjan Trínakía blasti við ferðalöngunum. Þar hafði sólarguðinn Helíos nautahjarðir sínar. Ódysseifur vissi það og vildi ekki fara í land af ótta við spádóm Tíresíasar. En drykkjarvatnið var á þrotum í skipinu og mennirnir þreyttir.

– Ætlaðu að neita mönnum þínum um að ná í vatn, hvílast og syrgja fallna féлага um stund? Það var Evrýlokkus sem hafði orð fyrir þeim, eins og alltaf, og hinir kinkuðu kolli til samþykkis.

– Ég skal ekki standa í vegi fyrir ykkur. Fyrst verður þó hver og einn ykkar að lofa mér því að láta hjarðir sólarguðsins eiga sig meðan við dveljum hér. Við þurfum engan mat því við höfum nægar birgðir frá Kirku.

– Já, fisk og ávexti, tautaði Evrýlokkus. Hvenær fáum við eiginlega að smakka kjöt á ný? Hann fékk engin svör frá foringja sínum.

Allir lofuðu hátíðlega að snerta ekki nautin og fengu þá að fara í land. Á eyjunni voru sjö nautgripahjarðir og sjö sauðahjarðir. Fimm-tíu gripir voru í hverri hjörð og voru skepnurnar stærri og staðilegri en mennirnir höfðu áður séð. Dætur Helíosar, vatnadísirnar Fetúsa og Lampetía, gættu hjarðanna fyrir hann. Sjálfur var guðinn sífellt á ferðinni því hann ók sólarvagninum um himinhvolfið á hverjum degi, frá austri til vesturs. Vagninn var dreginn af fjórum villtum hestum, hvítum með gyllt fax og Helíos var sá eini sem gat stýrt fákunum. Þegar hann flaug yfir Miðjarðarhafið hafði hann mikla unun af því að horfa á nautgripa – og sauðahjarðir sínar sem dætur hans gættu.

Fyrstu nóttina sem Ódysseifur og menn hans eyddu á eyjunni, skall á svo mikill stormur að þeir þurftu að draga skipið á land svo það brotnaði ekki í spón í flæðarmálinu. Þeir geymdu það í hellis-skúta og höfðust þar við sjálfir í marga daga því ekki viðraði til siglinga. Heill mánuður leið og vistirnar frá Kirku voru á þrotum. Mennirnir höfðu aðeins drykkjarvatn. Ódysseifur varaði þá enn við að snerta skepnurnar sem gengu friðsælar um hagana í kring. Hann

reyndi að stappa í þá stálinu og var vongóður um að geta fljótlega lagt af stað heim á leið.

En mennirnir voru orðnir mjög hungraðir og ákafir að bragða kjöt, því þeir höfðu lifað á fiski og ávöxtum mánuðum saman. Ódysseifur reyndi sem hann gat að hafa auga með þeim því hann grunaði Evrýlokkus um græsku. En eins og annað fólk þurfti hann að sofa og morgun einn vaknaði hann upp við steikarilm frá eldstæðinu í hellisskútanum.

– Hvern fjáránn hafið þið nú gert? sagði Ódysseifur öskureiður við mennina sem sátu við eldstæðið og hámuðu í sig nautið. Þeir voru kámugir út á kinn og glaðir í bragði.


– Komdu nú og sestu hjá okkur félagi, fáðu þér þessa fínu steik sem er í boði sólarguðsins! Evrýlokkus brosti breitt til Ódysseifs með útbreiddan faðminn.

– Eruð þið allir búnir að tapa þeirri litlu glóru sem þið höfðuð? Munið þið ekki hvað karluglan sagði í spádómnum?

– Við munum allt. En ef valið stendur á milli þess að veslast upp hér úr hungri, eða farast saddur úti á sjó, þá vel ég sjóinn! Hinir muldruðu samþykki sitt við orðum Evrýlokkusar. Ódysseifur rauk í burtu án þess að þiggja hjá þeim bita.


Næstu dagar liðu og á hverjum degi slátruðu mennirnir fleiri nautgripum sem þeir átu við varðeldinn. Foringi þeirra talaði ekki við þá fyrr en vindáttin varð loksins hagstæð til siglinga. Þá drógu þeir skipið út og héldu til hafs.

Um leið og fyrsta nautinu hafði verið slátrað úr hjörðinni hafði Lampetía hjarðmey svifið upp til föður síns og látið hann vita hvað hafði gerst. Sjálfur átti Helíos erfitt með að refsa mönnunum, því



ekki gat hann farið af brautinni sem sólarvagninn rann á, án þess að brenna allt landið. Þegar sólin var sest í austri næsta dag fór hann hins vegar upp á tind Ólympusfjalls þar sem grísku guðirnir hafa hallir sínar. Sólarguðinn fór beint á fund Seifs og sagði honum hvað hefði komið fyrir.

– Kæru guðir, verði Ódysseifi og hans mönnum ekki refsað fyrir að



ganga um lönd mín eins og þeim sýnist og slátra fallegu nautunum mínum sem ég hef haft svo gaman af að fylgjast með vaxa úr grasi og ... Helíos þerraði tár á hvarmi og röddin brast.

– Ja, ef ekki verður hefnt fyrir þessi rán, þá hverf ég af himninum! Já, ég meina það. Ég fer bara til Hadesar og skín fyrir þá dauðu í Undirheimum. Honum var mikið niðri fyrir og æddi um marmara-gólfið í stórum sölum Ólympusfjalls. Seifur svaraði.

– Minn kæri Helíos, ég harma að fregna af láti nauta þinna og votta þér samúð mína alla. En haltu áfram að skína fyrir okkur eins og aðra daga, minn góði Helíos, bæði á dauðlega og ódauðlega menn. Ég skal sjálfur refsa þessum aumu þjófum. Ég mun ljósta skip þeirra með þrumufleygi mínum og brjóta það í spón svo enginn komist lífs af!

Helíos ljómaði eins og sól í heiði en Aþena náði að sannfæra Seif um að Ódysseifur sjálfur hefði ekkert naut drepið eða borðað og því ætti hann að lifa.

Á meðan guðirnir funduðu vagggaði skip Íþökumanna úti í Miðjarðarhafinu. Hvergi sást til lands, nóttin nálgaðist og mennirnir biðu örlaga sinna. Í myrkrinu sáu þeir ekki dökka skýjabakka hrannast upp allt um kring.



12. Og þá var eftir einn

Það leið ekki á löngu þar til fyrstu eldingarnar heyrðust í fjarska. Fljótlega skall á skipinu mesti stormur sem nokkur þeirra hafði upplifað. Skipið brotnaði og sökk á augabragði og mennirnir reyndu að bjarga sér á sundi. Þeir voru ekki miklir sundkappar fyrir utan Ódysseif og hann horfði á menn sína hverfa einn af öðrum í hafið án þess að geta komið þeim til bjargar. Síðastur hvarf Evrýlokkus í djúpið. Hann kallaði til foringja síns.

– Þú hefur átt að prófa steikina, Ódysseifur, hún var vel þess virði! Hrópið dó út í hávaðanum af óveðrinu.

Einmana konungurinn hengdi haus. Hann hékk áfram á spýtnabraki úr skipinu og hóf nú að synda út í myrkrið. Í níu daga og níu nætur synti hann án hvíldar. Eitt sinn var hann hætt kominn þegar hann nálgæðist sogið í Karybdis en komst naumlega hjá því að sogast ofan í óhugnanlegt gin hennar.

Á tíunda degi var hann orðinn svo uppgefinn að hann tók varla eftir því að brotið úr skipinu sem hann hafði hangið á, rak á fast land. Þar lá hann meðvitundarlaus þar til hávaxin kona kom að honum. Hún vakti hann og bauð honum heim til sín þar sem hann hvíldist. Til að byrja með hélt Ódysseifur að hann væri komin til Elýsion en konan sannfærði hann um að svo væri ekki.

Konan var vatnadsín Kalypsó, dóttir tíansins Atlas sem hélt himninum uppi. Hún var fögur með dökkt, sítt hár sem náði niður að jörð. Hjá henni braggaðist Ódysseifur vel enda fékk hann nóg að borða og drekka. Hann smakkaði sérstaklega sæt og góð blóm sem uxu á eyjunni. Aldrei hafði hann séð þau fyrr en þau voru ómótstæðilega góð og þau borðaði hann dag hvern og leið svo undur vel.

Einn daginn fann hann þó engin blóm í húsinu og Kalypsó var ekki inni. Líklega hafði hún farið að ná í meira af þeim því henni þótti mjög mikilvægt að hann fengi blómin á hverjum degi. Hún sagði að þau gerðu hann hraustan og sterkan. Og það var rétt, hann

var hraustari en hann hafði verið lengi eftir nokkurra daga dvöl hjá vatnadísinni, bara dálítið syfjaður. Þennan dag ákvað hann að ganga niður í fjöru, því honum fannst eins og hann væri að gleyma einhverju. Þegar hann kom að ströndinni flæddu yfir hann minningar um Ípöku, Telemakkus og Penelópu. Hann áttaði sig á því að hann varð að fara heim! Í öllum þægindunum hafði hann gleymt að hugsa um heimferðina.

Hann fylltist samviskubiti og æddi af stað í átt að húsi Kalypsó. Hann var svo æstur að hann tók ekki eftir trébút sem stóð upp úr sandinum, rak fótinn í hann og flaug á höfuðið. Hann ákvað að skoða þetta nánar og það tók hann nokkra stund að grafa tréstykkið upp úr sandinum. Um leið og hann náði því upp, missti hann það úr höndunum því hann þekkti það strax. Þetta var brot úr skipinu hans. Það sama og hann hafði hangið á þegar hann rak á land. En hvernig gat það grafist svo djúpt í sandinn á nokkrum dögum? Hann var lengi að átta sig á þessu. Það var eins og heilinn væri ryðgaður og fullur af sandi. Þetta var dularfullt mál. Þegar hann kom inn í húsið aftur var Kalypsó komin með fullar körfur af blómum sem ilmuðu dásamlega.

– Fáðu þér blóm elskan, sagði hún og brosti sínu blíðasta. Ódysseifur brosti ekki á móti og skeytti engu um blómin sem hún rétti honum.

– Ég veit að ég lá veikur í einhvern tíma eftir að ég kom úr sjónum og hef ekki alveg getað fylgst með tímanum. En hvað er langt síðan ég kom hingað? Viðbrögð Kalypsó voru önnur en hann hafði átt von á, við svo einfaldri spurningu. Það fauk í hana og hún hreytti í hann.

– Hvað meinarðu með hvað er langt síðan? Það er ekkert langt síðan. Hver hefur sagt þér það? Hverjum er ekki sama um bölvaðan tímamann? Fáðu þér blóm, elskan. Þetta undarlega svar fyllti Ódysseif grunsemdum og hann spurði aftur, strangari á svip.

– Hvað er langt síðan ég kom?

– Hvað heldur þú, að ég sé að telja dagana hérna í þessari paradís, ha? Líður þér ekki vel hérna? Hef ég ekki hugsað um þig? Fáðu þér

blóm, elskan. Hún leit biðjandi á hann með útrétta blómakörfunna. Hann starði bara reiðilega á móti.

– Ég vissi að ég hefði átt að sækja meira í gær, sagði hún súr á svip og stappaði niður öðrum fæti eins og lítið barn í fýlu. Hann hafði ekki séð hana svona fyrr, hún hafði hingað til verið blíð á manninn.

– Hvaða blóm eru þetta?

– Lótusblóm, asni! Ég hefði nú haldið að þú vissir allt um lótu-blóm, svona frægur og merkilegur kappi eins og þú segist vera! Ódyseifur hinn snjalli og víðförli kappi, ha? Það er ekkert að marka það sem karlar segja, þykjast vita allt best og hafa séð allan heiminn.



Svo kemur þú og þekkir ekki lótusblóm frá sóley! Þú ert nú meiri snillingurinn, ha, ha! Hún hló að honum.

Ódysseifur settist niður og faldi andlitið í höndum sér. Hvílíkt fífl hafði hann verið. Hér hafði hann verið eins og kóngur í ríki sínu og hámað í sig lótusblóm. Blóm sem svipta fólk öllu minni og minningum. Þau tóku allt tímaskyn og fylltu tilveruna heimskulegri kæti, sem átti ekkert skylt við raunveruleikann.

– En hversu lengi hef ég verið hér? spurði hann einu sinni enn. Hann fékk ekkert svar, Kalypsó flissaði bara. Ódysseifur rauk upp af stólnum, greip um háls Kalypsó og rak hana upp að vegg. – Hversu lengi spyr ég! hrópaði hann frussandi af reiði. Hún virtist hrædd og reyndi að tala en átti erfitt með það. Þá sleppti hann.

– Sjö ár, hvíslaði hún hás. Hann rauk út án þess að tala meira við hana.

Eftir þetta sat Ódysseifur flesta daga á ströndinni þar sem hann hafði rekið á land og horfði út á haf. Stundum handfjatlaði hann skipsfjölinu sem hann hafði komið á, sem enn var á sama stað í sandinum. Þetta var eina spýtan í augsyn. Hvergi var tré eða annað efni sem gæti hjálpað honum að byggja skip eða fleka til að komast frá eyjunni. Þau Kalypsó töluðust ekki við og hann var hættur að borða blómin. Í fyrsta skipti á ævinni fannst Ódysseifi hann vera þreyttur og ráðalaus.

Frá Ólympustindi horfði Aþena hnuggin á kappann sinn dapra og reyndi enn einu sinni að tala um fyrir föður sínum.

– Sjáðu pabbi, bráðum verður úr honum allur dugur, hann er að þorna upp eins og blóm í vindi. Ekki vera miskunnarlaus pabbi, leyfðu mér að hjálpa honum? Seifur var nývaknaður og ekki alveg með á nótunum.

– Ha? Hvað ertu að tala um? Eru blómin þurr og miskunnarlaus?

– Ég er að tala um Ódysseif, konung Íþöku, reyndu að fylgjast með!

– Já, er hann enn á ferðalagi? En það getur ekki verið, það eru liðin svo mörg ár! Ég var búinn að steingleyma honum. Var ég að refsast honum? Og fyrir hvað? Æ, það skiptir ekki máli, mér er sama.

Það var Póseidon sem var honum svo reiður, var það ekki?
Ég veit hreinlega ekki hvað ég á að gera við þennan bróður minn.

– En nú er Póseidon lengst í burtu á hjara veraldar á ferðalagi,
hélt Aþena áfram.

– Og við ættum að nota tækifærið á meðan hann er ekki heima,
mín kæra? Það kom lymskulegt glott á stórt andlit Seifs og hann
hló lágt.

– Ég sendi Hermes til að færa Kalypsó þá skipun að veita Ódys-
seifi fararleyfi og efni í fleka, sagði Aþena kát og kyssti föður sinn á
kinnina.



13. Aftur á sjó

Ódysseifur hafði tekið gleði sína á ný eftir að Kalypsó hafði verið þvinguð til að sleppa honum. Hún hafði fengið honum spýtur og segl til flekagerðar sem hann vann við nótt og dag. Loks var hann ferðbúinn og veður var gott. Kalypsó kvaddi hann döpur í bragði, hún hafði ætlað að hafa hann hjá sér að eilífu. Ódysseifur átti erfitt með að fyrirgefa henni að ræna hann sjö árum af lífi sínu. Hún átti sök á því að sonur hans var orðinn tuttugu ára en ekki þrettán eins og hann hafði haldið. En það gerði hann aðeins ákveðnari í að komast á leiðarenda, hvað sem það kostaði. Hann ýtti flekanum frá landi án þess að kveðja konuna sem hann hafði dvalið hjá í sjö ár.

Hann sigldi í átján sólarhringa í ágætu veðri. Á kvöldin fylgdist hann með stjörnunum til að rata og loks sá hann móta fyrir flatrí eyju fram undan með skógi vöxnum hlíðum. Ódysseifur var viss um að þetta væri eyja Fajakanna, sem voru Grikkir, og hann vonaði að þeir væru vinveittir sér. Hann hóf því að nota einu árina sem var meðferðis til að þoka flekanum nær landi.

Það vildi svo óheppilega til að Póseidon var á heimleið úr löngu ferðalagi sínu. Hann kom auga á litla flekann hans Ódysseifs þar sem hann vaggaði á lygnum sjónum og það fauk snögglega í hann.

– Nú hafa hinir guðirnir farið á bak við mig og gefið þessum maðki annað tækifæri til að bjarga sér! Ef hann nær landi hjá Fajökunum er honum borgið. Ég ætti nú að geta tafið hann aðeins.

Sjávarguðinn hóf þríforkinn sinn á loft og hrærði í hafinu og skýjunum umhverfis Ódysseif. Fellibylur myndaðist svo hvein í loftinu og brotsjór fór að ganga yfir litla flekann. Maðurinn var farinn að örvænta.

– Ég hefði frekar átt að deyja við Tróju, þá hefði líkami minn þó verið grafinn. Nú mun hann sökkva í sæ og ég lenda á Gullrótarenginu hjá hinum ræflunum í Undirheimum. Póseidon! Hvers á ég að gjalda, dauðlegur maður?

– Hefur þú gleymt að þú blindaðir son minn? drundi rödd úr djúpinu.

– Hann ætlaði að éta mig og menn mína, hvers konar foringi hefði ég verið ef ég hefði látið slíkt gerast?

– Hvað um nautin hans Helíósar? Þú ert hrokafullur Ódysseifur, þér er ekkert heilagt, ekki einu sinni eignir guðanna.

– Ég át ekki einn bita af nautunum og átti engan þátt í því máli!

Ódysseifur fékk engin svör frá guðinum, hann virtist hafa horfið á braut. En stormurinn geisaði og brotsjórinn braut flekann í spón. Ódysseifur fór á kaf í langan tíma en skaut svo upp kollinum og spýtti út úr sér saltvatninu. Hann var töluvert mikið klæddur og fötin þyngdu hann á sundinu. Eitt augnablik var hann sannfærður um að öllu væri lokið. Hér myndi hann deyja, svo nálægt takmarkinu og fengi aldrei að sjá fjölskyldu sína aftur.

Þá varð það honum til happs að hafmeyjan góða, Levkótea, synti að honum. Hún virtist hafa gaman af illviðrinu og þurfti að tala hátt til að yfirgnæfa hávaðann.

– Það er nú meira hvað honum Póseidoni er illa við þig litli maður. En ég er með ráð til að snúa á hann. Farðu úr öllum fötunum, láttu brakið úr flekanum eiga sig og syntu að eyju Fajakanna. Þeir munu hjálpa þér að komast heim.

– Fara úr fötunum? Hvers vegna? spurði hann tortygginn.

– Æ, enga feimni, litli maður. Fötin þyngja þig of mikið. Ég skal lána þér slæðuna mína. Ef þú vefur henni utan um þig þá verndar hún þig gegn hættum og drukknum. Hún rétti honum græna silki-mjúka slæðu sem hún tók úr síðu hári sínu. Honum fannst það merkilegt að hún var alveg þurr, mitt í ólgandi hafinu, rétt eins og hún gæti ekki blotnað.

– Eins og kútur? Viltu að ég, Ódysseifur, konungur Ípöku, stríðshetja og hönnuður Trójuhestsins, syndi með kút? Hann setti upp hneykslunarsvip.

– Heyrðu, vanþakkláti ormur, viltu hjálp eða ekki? Hún bjóst til að hrífsa af honum slæðuna aftur.

– Nei, nei, fyrirgefðu, ég þigg hjálp þína. Þakka þér fyrir, sagði Ódysseifur afsakandi.

– Þegar þú kemur á land, skaltu henda slæðunni aftur í sjóinn án þess að horfa á eftir henni. Ég finn hana. Að því búnu stakk hafmeyjan sér á kaf og sást ekki meir. Ódysseifur ákvað að hlýða henni og klæddi sig úr öllum fötunum. Hann huggaði sig við að hér væri enginn sem gæti séð til hans. Slæðuna batt hann utan um sig og synti í átt að landi.

Í tvo sólarhringa synti Ódysseifur í miklum öldugangi því veðrið lagaðist lítið. Honum til mikillar skelfingar blasti allt í einu við hátt hamrabelti, sem brimið skall á með ógurlegum látum. Hann var ekki viss um að lifa það af að skella á klettavegginn í ólgandi briminu



og kröftugt sögið togaði hann sífellt nær hömrinum. En honum til mikillar undrunar fann hann ekki fyrir högginu þegar hann fór utan í klettana, það var eins og hann væri í ósýnilegri brynju. Máttur slæðunnar verndaði hann. Ódysseifur sá eftir að hafa gert grín að henni því þessi litla flík hafði nú bjargað lífi hans.

Útsogið bar hann aftur frá klettunum og yfir í lygna vík. Þar skreið hann á land, allsnakinn og henti slæðunni í sjóinn eins og hafmeyjan hafði sagt honum að gera.

Nóttin var að skella á og það var orðið kalt fyrir blautan manninn að vera á ferli. Eina skjólið sem hann kom auga á var runnaþyrping með stórum laufhrúgum undir. Hann gróf sig ofan í þurrt laufið til að forðast kuldann og þar sofnaði hann vært.



14. Hjá Fajökunum

Konungsdóttir Fajakanna hét Nasíka en henni leiddist vinna og vildi helst af öllu skemmta sér allan liðlangan daginn. Nóttina sem Ódysseifur skreiddist á land, dreymdi hana undarlegan draum.

Aþena birtist henni og talaði um óhreinan þvott.

– Er ekki kominn tími til að þú hjálpir til við að þvo fötin á þínu heimili Nasíka prinsessa? Hann hleðst upp svo þernurnar hafa varla undan að sinna honum, á meðan gerir þú ekkert í málinu! Ég vil að þú farir á morgun með fulla kerru af óhreinum þvotti niður að ánni og hjálpir þernunum að þvo.

Morguninn eftir var Nasíka hugsí yfir draumnum. Hana langaði svo sannarlega ekki að fara að þvo óhreinan þvott en hún þorði ekki að óhlýðnast Aþenu. Eins og aðrir á þessum tíma trúði hún því að skilaboð sem guðir og gyðjur flyttu í draumum manna væru mikilvæg. Enginn guð hafði áður birst prinsessunni á þennan hátt. Hún var frekar vonsvikin yfir því að skilaboðin tengdust óhreinum þvotti í höllinni.



Nasíka ákvað að fylla eina asnakerru af óhreinum þvotti og halda niður að ánni eins og Aþena hafði beðið um. Þernurnar áttu að fara með henni og taka með nesti og vín og þær ákváðu að gera sér glaðan dag þegar vinna við þvottinn væri búin. Eftir að hafa unnið við þvottinn fram að hádegi og hengt allt til þerris, tóku stúlkurnar sér hvíld og borðuðu. Á meðan þvotturinn þornaði fóru þær í leiki á grænum árbakkanum þar sem asnarnir tveir bitu gras. Prinsessan var leikin í skotbolta, var fljót að hlaupa og skaut fast. Þær hlógu hátt og hljóðuðu undan föstum skotum sem skullu á þeim til skiptis.

Skyndilega ruddist vera út úr runnunum þar sem stúlkurnar léku sér. Allar störfu þær dauðhræddar á þetta fyrirbæri sem líktist manni. Hann var svo skítugur að erfitt var að greina litinn á húðinni, auk þess var hann þakinn sölnuðum laufum um allan líkamann. Hárið var strítt og stóð út í loftið af sjávarseltunni og skeggið var úfið og mikið. Það sem vakti helst athygli þeirra var sú staðreynd að maðurinn var allsber. Nasíka var sú eina sem ekki hörfaði frá mannum þegar hann fór að tala.

– Kæru stúlkur, afsakið útlitið á mér, en ég vil ykkur ekkert illt. Ég veit ekki hvar ég er en hef líklega vaknað við leik ykkar því ég lagði mig hérna í runnunum í nótt.


– Þú ert staddur á eyju Fajakanna. En veistu hver þú ert? spurði prinsessan varlega, þennan furðulega ferðalang sem leit út fyrir að hafa birst úr hafinu sjálfu.

– Ég er Ódysseifur, konungur Íþöku, stríðshetja, hönnuður Trójuhestsins og, og ... ja, mig langar mest af öllu að komast heim. Er möguleiki á að fá lánuð hjá ykkur föt og hitta konung ykkar hér?

Stúlkurnar ákváðu að hjálpa mannum því hann var kurteis og greinilega í miklum vandræðum. Hjá þeim fékk hann sápu til að þvo sér í ánni og olíur til að bera á líkamann. Skeggið snyrti hann og klæddist svo hvítum kyrtli af bróður Nasíku. Ódysseifur var aftur orðinn sjáfum sér líkur, ilmandi og strokinn. Hann fór með stúlkunum heim í höllina og hann hafði sjaldan séð svo fallega og skrautlega byggingu. Hér var greinilega mikið ríkidæmi.



Konungshjónin buðu hann velkominn og veisla var haldin honum til heiðurs. Auðvitað höfðu Fajakarnir heyrt af dáðum og raunum hins ráðsnjalla Ódysseifs. Allir í höllinni voru mjög spenntir að heyra sögurnar og ævintýrin sem hann hafði lent í síðustu tuttugu árin, aftur og aftur. Það kom að því að hetjan þurfti að hvíla sig en veislan hélt áfram næsta dag.

Konungurinn sagði Ódysseifi að seinna um kvöldið myndi skip sigla með hann til Íþöku. Ódysseifur réð sér varla fyrir kæti og kastaði sér í fangið á konungi og kraup við fætur drottningar í þakklætisskyni.



Ráðamenn og gestir færðu ferðamanninum ótal gjafir, klæði, gull og gimsteina, sem áttu að færa honum gæfu í framtíðinni. Nú myndi hann ekki snúa tómhentur heim.

Seint um kvöldið hafði hann kvatt alla og hélt til skips. Margir menn reru hraustlega í myrkinu og þrátt fyrir að vera spenntur að komast heim sofnaði Ódysseifur við vaggandi hreyfingar skipsins. Fajakarnir vildu ekki vekja hann þegar þeir komu að strönd Ípöku, heldur báru hann sofandi í land og skildu hann eftir í fjör- unni með gjafirnar frá þeim. Þar svaf hann vært fram á morgun.



15. Heimkoman

Ódysseifur var vakinn í dögun af kunnuglegri gyðju með ljósa lokka.

– Aþena! Það er langt síðan við höfum sést! Var ég ekki um borð í skipi? Hvað hafa Fajakarnir gert, sviku þeir mig bölvaðir og hentu mér á eitthvert sker á enda veraldar?

Umhverfis þau var þykk þoka og ekkert sást nema grjóttfjaran sem þau stóðu í. Hann tók upp stein og grýtti í sjóinn í reiði sinni yfir óréttlæti heimsins.

– Nú skaltu vera rólegur Ódysseifur, enginn hefur svikið þig. Er svo langt síðan þú komst hingað að þú þekkir ekki þína hjartkæru Íþöku? Hvenær ætlarðu að hætta að stökkva svona upp á nef þér út af engu?

Með einni handarhreyfingu dreifði hún þokunni. Þá sá hann að ströndin var kunnugleg. Þarna var hellirinn þar sem hann hafði leikið sér í æsku, grónar hlíðarnar með sauða- og geitahjörðunum hans á beit, einmana hrísla þar sem Evmeus, gamli og tryggi svínahirðirinn, var vanur að gá til veðurs og skipaferða á morgnana. Hann stóð þar nú og horfði yfir hafið.

Við þessa sýn féll Ódysseifur á hnén og grét eins og barn. Eftir tuttugu ára bið, kyssti hann jörðina á eyjunni sinni mörgum kossum. Smám saman jafnaði hann sig og leit aftur á Aþenu.

– Finnurðu loksins fyrir hreinni gleði og þakklæti? spurði hún brosandí.



– Já, og ég held að ég hafi ekki fundið fyrir slíku síðan sonur minn fæddist, sagði maðurinn hugsí.

– Ég hef samt áhyggjur af þér, Ódysseifur.

Ertu viss um að þú hafir lært eitthvað af þessu langa ferðalagi? Aðeins einföldustu lífverur jarðarinnar læra ekki af reynslunni, þú veist það. Hún horfði á hann með þírð augun, eins og hún gæti séð í gegnum hann. Það var erfitt að blekkja hana. Hann andvarpaði.

– Ég hef lært margt, Aþena.

Ég hef lært að ég veit ekki allt, ég er ekki alltaf sá snjallasti og hef ekki allar lausnir við vandamálum. Ég er uppstökkur og dómharður á mistök annarra. Oft dónalegur og vanþakklátur við þá sem eiga það ekki skilið. Kannski kemst ég aldrei til Elýsion ...



Rödd hans var við það að breyta þegar gyðjan greip fram í fyrir honum.

– Vertu alveg rólegur, vinur! Það er gott að þú getur séð þína eigin galla, Ódysseifur. Þú ert stríðshetja, ráðagóður og tryggur maður. Ekki gera lítið úr því, það kunnum við að meta á Ólympusfjalli. Það er þess vegna sem ég hef staðið með þér öll þessi ár og reynt að hjálpa þér eins og ég hef getað.

– Og fyrir það þakka ég þér, hér og nú, fagra Aþena. Sennilega hef ég ekki gert það áður. Hann var alvarlegur og saug upp í nefið. Svo var eins og hann færi að hugsa skýrt.

– Hvað ert þú annars að gera hér? spurði hann tortrygginn.

– Manstu eftir spádómi Tíresíasar? Hún þurfti varla að spyrja.

– Auðvitað, allt sem hann sagði hefur ræst. Skipið fórst og ég er einn kominn heim eftir langa baráttu, alveg eins og hann sagði.

– En það var fleira í spádómnum, bætti hún við.

– Já, hann talaði um vandræði heima fyrir, er það þess vegna sem þú ert hér? Þá skulum við ekki sitja hér, heldur drífa okkur heim! Hann ætlaði að standa upp en hún stöðvaði hann.

– Sittu aðeins lengur og ég skal segja þér hvað er að gerast á Íþöku. Síðustu árin hefur biðlum fjölgað stöðugt, sem bíða ákvörðunar konu þinnar. Þeir eru nú fimmtíu talsins frá Íþöku og öðrum eyjum í kring, auk þess sem þeir hafa með sér fleiri menn til aðstoðar. Allir hafa þeir hugsað sér að sitja sem fastast í höll þinni og borða og drekka allt sem þeir finna, þar til Penelópa ákveður að lýsa þig dauðan og tími sé kominn til að giftast á ný. Þannig vona þeir að verða fyrir valinu og eignast allt ríki þitt. Konan þín hefur lengi sagt að hún muni taka ákvörðun þegar hún hafi lokið við að vefa stórt veggteppi sem hún vinnur að á daginn. En á nóttunni rekur hún allt upp sem hún hefur ofið yfir daginn, til að tefja tímann. Það er samt líklegt að þeir fari að gruna hana um græsku með þessu áframhaldi.

– Ég skal fara og jafna um þessa blesa! Enn á ný ætlaði hann að standa upp en hún hélt honum niðri.

– Bíddu rólegur, þú verður að vera skynsamur. Það borgar sig ekki að vera óþolinmóður. Ímyndaðu þér ef þú kæmir askvaðandi inn í þennan hóp af biðlum og lýstir því yfir að þú værir hinn rétti konungur Íþöku. Hugsanlega gætir þú sannfært þá um það. En heldurðu að þeir leyfðu þér að ganga óáreittur inn á heimili þitt? Þetta eru vægðarlausir menn sem munu ekki gefast upp fyrr en í fulla hnefana. Þeir myndu ekki hika við að drepa þig um hábjartan dag. Þeir hafa þegar gert áætlun um að drepa son þinn.

– Hvað segirðu? Ódysseifur spratt aftur á fætur en gyðjan ýtti honum ákveðið niður.

– Þeir sitja fyrir honum í sundinu hérna fyrir utan. Telemakkus fór að hitta Menelás í Spörtu til að fá fregnir af ferðum þínum, Ódysseifur. Ég hef þegar sagt honum að snúa strax til baka og fara aðra leið til að sleppa við óvinina sem bíða hans.

– Það gengur ekki að sitja hér kona! Nú fer ég og rek þennan ruslaralýð út í eitt skipti fyrir öll! Aþena hélt honum niðri.

– Nei, við verðum að nota önnur ráð. Aðalatriðið er að biðlarnir viti ekki að þú sért hér og á lífi. Hún sveiflaði annarri hendinni yfir höfði hans og breytti honum í gamlan förumann.

16. Ráðabrigg

Ódysseifur gekk að koti hins tryggja svínahirðis Evmeusar, klæddur í dulargervið. Hann bjó fyrir utan borgina og gætti svína konungsins rétt eins og hann ætti þau sjálfur. Eins og Ódysseifur bjóst við, fékk gamli förumaðurinn góðar móttökur hjá Evmeusi.

– Vertu velkominn og gerðu þér að góðu allt sem ég hef upp á að bjóða en ég á nú svo sem ekki margt. Má ekki bjóða þér fótabað til að hvíla lúna fætur? Það þykir mér alltaf hressandi eftir göngu.

Ódysseifur þáði boðið, fékk sér sæti og dýfði þreyttum fótunum í bala fullan af heitu vatni. Þetta var sannarlega þægilegt.

– Hjálpi mér allir guðir! Hvað ertu með þarna á fætinum? Gamli svínahirðirinn greip fyrir munninn á sér og benti á utanverðan kálfann á manninum. Fætur hans litu alls ekki út fyrir að vera af gömlum ferðalang, heldur voru þeir vöðvastæltir og sólbrúnir. En það var ekki það sem vakti athygli Evmeusar, heldur stórt ör á fætinum.

– Æ, já þetta ... þetta er, sko þegar ég var ... stamaði Ódysseifur.

Á sama augnabliki kom ungur maður inn um dyrnar. Hann var grannur með breiðar herðar og líkur föður sínum. Evmeus kallaði glaður.

– Telemakkus, þú ert kominn heill heim úr ferðinni! Hér sérðu föður þinn sitja í mínum auma kofa. Þetta ör fékk Ódysseifur á unga aldri þegar hann var á villisvínaveiðum með föður sínum og eitt svínið særði hann. Sárið greri illa og eftir það myndaðist þetta stóra ör og ég myndi þekkja það hvar sem er!

Aþena birtist á sömu stundu og aflétti álögunum af konunginum. Telemakkus og Evmeus skiptust á að faðma hann að sér og þeir hlógu allir og grétu saman. En þau þurftu að gera áætlun um hvernig ætti að sigrast á óvelkomnu mönnunum sem sátu um hús hans og átu allt sem tönn á festi. Aþena tók til máls.

– Telemakkus, á eftir skalt þú fara til móður þinnar og biðja hana að tilkynna að hún sé hætt að bíða eftir Ódysseifi. Hún þarf að tjá þeim að á morgun verði ákveðið hvern hún muni taka sem nýjan eiginmann. Allir biðlarnir þurfa að taka þátt í þraut til að geta talist mögulegir eiginmenn. Þú verður að sannfæra hana um þetta, þó það verði erfitt.

– Telemakkus, þú útbýrð þrautina, til þess þarftu tólf axir og bogann minn, hélt Ódysseifur áfram. Þrautin hefst í fyrramálið.

Ákveðið var að Ódysseifur færi aftur í dulargervi og færi með Evmeusi til borgarinnar að skoða aðstæður. Telemakkus fór til móður sinnar til að undirbúa morgundaginn.



– Mundu bara sonur, þó þú heyrir menn hæða mig eða jafnvel berja á meðan ég er í þessu dulargervi, misstu ekki stjórn á skapi þínu. Þeir mega ekki vita að ég er kominn.

Ódysseifur hafði rétt fyrir sér. Biðlarnir og þeirra fylgifiskar voru dónalegir við hann í dulargervinu. Þeir hreyttu í hann skömmum, spörkuðu í hann eða hentu í hann matarafgöngum. Dulbúni maðurinn kreppti hnefana og fór inn í veislusalinn þar sem allir sátu að borðum og tróðu í sig mat hans og víni.



17. Endalokin

Næsti dagur rann upp heiður og fagur. Ódysseifur var sannfærður um að þetta væri dagurinn sem hann endurheimti konungsríki sitt og fengi að faðma konu sína aftur. Hann rak augun í hund sem lá í skugga undir tré í hallargarðinum. Maðurinn þekkti hundinn strax, þetta var gamli hundurinn hans, Argos, sem hafði verið snjall veiðihundur. Nú virtist hann að niðurlotum kominn en þekkti samt eiganda sinn. Hann dillaði rófunni en hafði ekki krafta til að standa upp. Ódysseifur settist hjá honum og leiddist að sjá hann svona lúinn. Hundurinn lagði höfuðið í kjöltu húsbónda síns og dó, sæll og ánægður yfir að hafa endurheimt konung sinn.



Ódysseifur gekk boginn í baki í dulargervinu inn í salinn þar sem úrslitaprautin átti að fara fram. Þar voru fimmtíu biðlar í óða önn að koma sér fyrir en byrjuðu strax að skammast þegar þeir sáu betlarann birtast.

– Ætlar þú nú að fara að troða þér hingað, ræfillinn? Heldurðu kannski að þú getir unnið hönd Penelópu? Allir hlógu dátt.

– Það yrði nú sjón að sjá hana með þetta mannhrae upp á arminn! Meiri hlátur gall við.

– Nú, ef þið hafið enga trú á mér, þá leyfið þið mér kannski að reyna við þrautina? Þó ekki væri nema til að þið getið skemmt ykkur yfir því? sagði Ódysseifur rólega.

– Já, leyfum honum það. Ef enginn okkar getur leyst þrautina þá mátt þú reyna, maðkurinn þinn.

Telemakkus og Penelópa gengu nú inn í salinn. Hún hélt á gamla boga Ódysseifs og örvamælinum, fullum af örvum. Hjarta Ódysseifs tók kipp þegar hann sá hana eftir öll þessi ár. Hún var enn glæsileg þó hún hefði elst. Hann barðist við löngunina að hlaupa til hennar.

– Hér er bogi eiginmanns míns, mælti hún rólega. Ef þið viljið taka sæti hans þá verðið þið að geta spennt bogann og skotið af honum ör

í gegnum öll þessi tólf axaraugu. Hún benti á axirnar sem hafði verið stillt þannig upp í herberginu að götin á þeim mynduðu samfellda röð. Svo rétti hún fyrsta biðlinum vopnið.

– Telemakkus, láttu mig vita hvernig fer. Ég nenni ekki að umgangast þessa menn að óþörfu. Svo gekk hún út.

Strengurinn á boganum lá laus öðrum megin og verkefnið var að festa hann og skjóta. Það reyndist fyrsta keppandanum samt ekki eins auðvelt og hann hafði haldið, því tréð í boganum var svo stíft að það gaf ekki undan hvernig sem hann reyndi. Það sama gerðist hjá öllum hinum, þeim gekk ekkert að festa strenginn þó svo þeir reyndu að hita bogann og sveigja yfir gufu og eldi. Sá síðasti fleygði honum pirraður frá sér.

– Þetta er ekki hægt! Það hljóta að vera einhverjir galdrar á þessu vopni. Hvernig eigum við að vita hvort nokkur getur yfirleitt þrætt þennan grip? Er kannski verið að gabba okkur með óleysanlegri þraut?

– Viltu ekki leyfa mér að reyna? sagði Ódysseifur rólega og tók upp bogann.

Enginn sagði neitt þegar betlarinn skoðaði bogann vandlega, bankaði í hann, gáði hvort endarnir væru nokkuð ormétnir eða viðurinn snúinn. En hann var sem nýr. Með einni handarsveiflu var sá gamli búinn að festa strenginn, síðan dró hann upp ör og skaut í gegnum axaraugun án



Þess svo mikið sem standa upp af stólnum. Það varð uppi fótur og fit meðal manna og þeir sem gátu gripu um sverð sín.

Á meðan biðlarnir reyndu við þrautina höfðu Telemakkus og Evmeus tekið eitthvað af vopnum þeirra og falið í garðinum. Síðan hafði Telemakkus farið inn í salinn með mikið af örvum en svínahirðirinn læst dyrunum með slagbrandi utan frá. Þannig voru feðgarnir læstir inni í salnum með fimmtíu óvinveittum mönnum. En í Grikklandi hinu forna voru reglurnar einfaldar: Ef þú ert ekki fljótur að drepa óvini þína, þá drepa þeir þig. Rétt í því birtist Aþena við hlið feðganna. Um leið hvarf dulargervið af Ódysseifi og hann rétti úr bognum bakinu. Aþena var sem þrumuský í framan og greinilegt að hún ætlaði ekki að leita friðsællar lausnar. Hún hrópaði:

– Hér stendur loksins konungur Ípöku fyrir framan ykkur. Þið hafið vaðið hér inn um allt, svívirt heimili hans, hrellt konu hans og son og setið eins og hrægammar um eigur hans. Nú er komið að skuldadögum, vesælu menn!

Allir sem gátu, gripu til vopna og bardaginn hófst. Biðlarnir voru flestir með sverð og þeir notuðu borðin í salnum til að skýla sér. Ódysseifur skaut í allar áttir með boganum góða. Að lokum lágu óvinirnir allir dauðir í blóði sínu á gólfinu. Telemakkus hafði sæst lítillaga en að öðru leyti voru þau heil á húfi. Ódysseifur hljóp út úr salnum að leita að konu sinni.

Hann fann hana í herbergi sínu starandi út um gluggann.

– Ég er kominn heim, Penelópa, sagði hann varlega. Hún leit á hann og brá töluvert að sjá þennan mann sem líktist eiginmanni hennar, þakinn blóðslettum. Samt þagði hún og sat enn við gluggann.

– Og ég losaði okkur við alla biðlana, nú erum við bara tvö eftir, hélt hann áfram.

– Ég trúí þér ekki, sagði hún kuldalega. Margir menn hafa komið til mín og sagst vera Ódysseifur, aðeins til að ná eignum hans. En þeir hafa allir logið. Því ætti ég að trúá þér?



– Telemakkus trúir mér og Evmeus, sagði Ódysseifur ringlaður og hissa.

– Það má vel vera og ég vildi að þú gætir sannfært mig með einhverju móti. Ódysseifur kom inn í herbergið og settist á völdugt hjónarúmið.

– Þegar við byggðum þetta herbergi óx gríðarstór smjörviður þar sem rúmið okkar átti að vera, manstu? Ég hjó tréð rétt fyrir ofan rótina og eftir stóð dálítill stubbur sem ég byggði rúmið okkar á. Þess vegna er ekki hægt að færa rúmið til, það fór stundum í taugarnar á þér ...

Penelópa stóð nú upp og settist í fangið á manni sínum. Enginn vissi þetta nema þau tvö og nú trúði hún því að þetta væri hinn raunverulegi Ódysseifur. Sjálfur átti hann bággt með að trúa því að eftir tuttugu ára útleið, væri hann loksins kominn heim. Eftir þetta ríkti hann sem friðsæll konungur á Íþöku og steig aldrei á skipsfjöl aftur.





FERÐIR ÓDYSSEIFS

Í *Hómerskviðum* er sagt frá ferðum Ódysseifs á leið heim úr tíu ára stríði við íbúa borgarinnar Tróju. Heimferðin er þyrnum stráð og Ódysseifur konungur lendir margsinnis í lífsháska og þarf að berjast við furðuskepnur, náttúruhamfarir og yfirnáttúruleg fyrirbæri. Hér er sagan í spennandi endursögn Sigrúnar Elíasdóttur á lipru máli sem hentar breiðum hópi lesenda.

Myndskreytingar eru eftir Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur.

m MENNTAMÁLASTOFNUN
40128

ISBN 978-9979-0-2178-0



9 789979 021780